



Hvað geri ég nú?

Rannsókn á verklagsreglum um tilkynningarskyldu starfsmanna
leikskóla

Elín Guðný Gunnarsdóttir

Elín Jóhannsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvað geri ég nú?

Rannsókn á verklagsreglum um tilkynningarskyldu starfsmanna leikskóla

Elín Guðný Gunnarsdóttir
060383-3599

Elín Jóhannsdóttir
030286-3249

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Anni G. Haugen
Leiðbeinandi: Steinunn Bergmann

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Elín Guðný Gunnarsdóttir og Elín Jóhannsdóttir

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Í barnaverndarlögum er kveðið á um þá skyldu manna að tilkynna barnaverndarnefnd ef þeir verða þess vísir að barn búi við óviðunandi aðstæður, verði fyrir ofbeldi eða heilsa þess og þroski sé í hættu. Enn fremur er kveðið á um í lögnum að hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfs vegna hefur afskipti af málefnum barna sé skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar verði þeir þess vísir að barn búi við óviðunandi aðstæður, verði fyrir ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Því ber starfsmönnum leikskóla skylda til að tilkynna vakni hjá þeim grunur. Fjöldi tilkynninga frá leikskólum er ekki mikill og er einungis lítið brot af þeim heildarfjölda tilkynninga sem berast til barnaverndarnefnda á landsvísu.

Í rannsókn þessari er kannað hvort verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda frá 18. desember 2006 hafi breytt viðhorfi starfsmanna leikskóla til tilkynningarskyldunnar. Einnig er þekking og reynsla starfsmanna af verklagsreglunum skoðaðar. Í reglunum er kveðið á um að stofnanirnar setji sér sínar eigin verklagsreglur varðandi tilkynningarskylduna. Í rannsókninni er því einnig kannað hvort leikskólarnir hafi sett sér sínar eigin reglur. Til að leita svara við þessum spurningum var notast við meginlega aðferðafræði. Spurningarlisti var lagður fyrir í sex leikskólum á þremur mismunandi stöðum á landinu hjá tveimur leikskólum á hverjum stað. Alls tóku 78 starfsmenn þátt í rannsókninni og var svarhlutfall 67%. Niðurstöður sýna að verklagsreglurnar hafa ekki breytt viðhorfi starfsmanna leikskóla til tilkynningarskyldunnar. Einnig kom í ljós að tilkynningarskyldan hafi ekki vafist fyrir stórum hluta starfsmanna. Þekking starfsmanna á verklagsreglunum og reynsla þeirra af notkun þeirra var misjöfn. Rúmlega helmingur starfsmanna þekktu til reglnanna og tæplega helmingur þeirra sem höfðu tilkynnt bæði fyrir og eftir tilkomu verklagsreglnanna nýttu sér reglurnar og fannst það betra. Það virðist vera að starfsmenn nýti sér verklagsreglurnar ekki sem skyldi. Enginn af leikskólunum sex hafði sett upp ákveðnar verklagsreglur. Einn leikskólinn kvaðst þó vera með reglur í vinnslu.

Þakkir

Gott er að eiga góða að og þá sérstaklega þegar mikið er um að vera í lífi manns. Við erum svo blessunarlega heppnar að búa svo vel að eiga yndislegar fjölskyldur og vini. Þökkum við þeim kærlega fyrir allan þann stuðning sem þau hafa sýnt okkur. Sérstakar þakkir færum við foreldrum okkar beggja ásamt Ólafi Ívari Baldvinssyni, maka Elínar J., fyrir allan þann styrk, stuðning og þolinmæði sem þau hafa veitt okkur í gegnum skólagönguna og til að þetta verkefni gæti orðið að veruleika.

Starfsmönnum leikskólanna sex sem tóku þátt í rannsókninni færum við innilegar þakkir. Ljóst er að engin rannsókn hefði verið framkvæmd ef ekki hefði verið vegna þátttöku þeirra og úr varð að um 67% starfsmanna leikskólanna tóku þátt og fyrir það erum við þakklátar. Einnig viljum við þakka Skarphéðni Jónssyni kærlega fyrir góðar ábendingar og yfirlestur ritgerðar.

Að lokum viljum við þakka leiðbeinanda okkar, Steinunni Bergmann og umsjónarmanni ritgerðarinnar Anni G. Haugen kærlega fyrir mikla hjálp og ganglegar leiðbeiningar. Þær sýndu verkefni okkar mikinn áhuga sem hvatti okkur áfram við gerð verkefnisins.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Þakkir	2
Inngangur	5
1.Fræðilegur bakgrunnur	7
1.1 Barnavernd	7
1.2 Tilkynningar leikskóla	9
1.3 Hindranir tilkynninga	11
1.4 Mikilvægi tilkynningarinnar	13
1.5 Kennarinn og tilkynningarskyldan	16
1.6 Önnur lönd.....	18
1.7 Verklagsreglur.....	20
2.Rannsóknin.....	22
2.1 Tildrög rannsóknarinnar	22
2.2 Rannsóknarspurningar.....	23
2.3 Tilgangur rannsóknarinnar	23
2.4 Markmið rannsóknarinnar.....	24
2.5 Rannsóknaraðferðin	24
2.6 Val á þátttakendum	25
2.7 Framkvæmd rannsóknarinnar	26
3 Niðurstöður	27
3.1 Grunur og tilkynningarskylda	29
3.2 Verklagsreglur.....	32
4 Umræður	41
4.1 Grunur og tilkynningar.....	42
4.2 Verklagsreglurnar	46
4.3 Verklagsreglur innan leikskólanna.....	50
5 Lokaorð.....	51
Heimildaskrá.....	53
Fylgiskjöl	58

Myndaskrá

Mynd 1. Svarhlutfall	27
Mynd 2 Starfsaldur	27
Mynd 3 Lífaldur.....	28
Mynd 4. Menntun starfsmanna.....	29
Mynd 5. Hefur vaknað grunur hjá þér um að barn á leikskólanum hafi verið beitt ofbeldi, vanrækt eða stofnað heilsu sinni eða þroska í hættu?.....	30
Mynd 6. Vissir þú að samkvæmt 17. gr. barnaverndarlagana nr. 80/2002 gengur tilkynningarskyldan framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta?.....	31
Mynd 7. Tilkynntir þú grun þinn?	31
Mynd 8. Hverjum tilkynntir þú grun þinn?	32
Mynd 9. Verklagsreglur um tilkynningarskyldu fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda litu dagsins ljós árið 2006. Varðst þú vör/var við þessar nýju verklagsreglur?	33
Mynd 10. Hefur viðhorf þitt til tilkynningarskyldunnar breyst með tilkomu verklagsreglnanna fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda?.....	34
Mynd 11. Hafa verklagsreglur um tilkynningarskyldu fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda breytt afstöðu þinni um að tilkynna?	35
Mynd 12. Er kynning á verklagsreglum og/eða tilkynningarskyldu fastur liður þegar nýir starfsmenn koma til starfa?	36
Mynd 13. Eftir hverju fórst þú þegar þú tilkynntir grun þinn?	37
Mynd 14. Tilkynntir þú grun þinn fyrir tilkomu verklagsreglnanna eða eftir tilkomu þeirra?	37
Mynd 15. Finnst þér einhver munur hafa verið á verklagsferlinu fyrir og eftir tilkomu verklagsreglnanna um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda?.....	38
Mynd 16. Hefur leikskólinn sett sér verklagsreglur um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda fyrir starfsmenn að fylgja eftir?	39

Inngangur

Félagslegar aðstæður barns og uppeldi eru miklir áhrifa þættir í lífi barns. Barn sem býr við óviðunandi uppeldisskilyrði getur átt það á hættu að þróa með sér langvarandi sálræn og félagsleg vandamál. Einnig hefur það áhrif á sjálfsmynd barnsins en sjálfsmynd hefur áhrif á það hvernig einstaklingur nýtur sín í lífinu (Aldís Guðmundsdóttir, 1992).

Ofbeldi á börnum er alvarleg staðreynd sem óhjákvæmilegt er að horfast í augu við og vinna gegn. Vakning meðal landsmanna er mikilvæg til að bregðast við þessari þróun. Forvarnir og fræðsla auka vissulega þekkinguna á vandamálinu og er ein af þeim leiðum sem mögulegt er að fara til að takast á við vandamálið. Einnig getur reynst mikilvægt að leita eftir því að tilkynnt sé um minnsta grun, hversu léttvægur sem hann er, til barnaverndarnefndar. Ef barnaverndarnefnd hefur ekki vitneskju um að vandamál sé til staðar hjá börnum eða fjölskyldum þeirra getur nefndin ekki veitt þá aðstoð sem þurfa þykir (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Árið 2009 voru 18.716 börn á leikskólum landsins (Hagstofa, e.d.a). Börn á leikskólaaldri voru 22.314 og því voru um 84% barna á leikskólaaldri á leikskóla (Hagstofan, e.d.b). Starfsmenn leikskóla voru 5.639 árið 2009, þar af voru menntaðir leikskólakennarar 1.764. Ófaglærðir starfsmenn á leikskólum sem höfðu að baki grunnskólapróf eða framhaldsskólapróf voru 2.447 (Hagstofa, e.d.c). Meira en helmingur starfsmanna á leikskólum landsins hefur því ekki leikskólakennaramenntun. Mikilvægt er að horfa til þess þegar kemur að því að auka þekkingu starfsfólks leikskóla. Þess vegna getur verið að í einhverjum tilfellum sé ekki einungis nóg að auka fræðslu meðal þeirra sem leggja stund á nám í leikskólafræðum heldur þurfi að stuðla að almennri fræðslu meðal starfsmanna leikskóla.

Rannsakendur hafa báðir starfað á leikskólum og annar þeirra starfar enn á leikskóla. Áhuginn á efni rannsóknarinnar kviknaði í kjölfarið vinnu þeirra við leikskóla. Þegar þeir hófu nám við félagsráðgjafardeild fóru þeir að átta sig á hversu illa upplýstir þeir hefðu í raun verið um málaflokkinn barnavernd. Þeir gerðu sér grein fyrir hversu illa þeir höfðu verið í stakk búnir til að koma auga á hvort eitthvað væri að og hvernig þeir hefðu átt að bregðast við þeim vanda. Á leikskólum fara starfsmenn reglulega á skyndihjálparnámskeið sem gerir þeim kleift að bregðast rétt við ef eitthvað kemur upp á hjá börnum sem getur valdið þeim líkamlegum skaða. Mikilvægt er að skoða hvort starfsmenn leikskóla séu einnig í stakk búnir

til að grípa inn í ef barnið lendir í annars konar vanda sem snýr að andlegri líðan þeirra og umhirðu.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðildarríki að, ber aðildarríkjunum að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Þau skuli í því skyni gera allar þær ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að aðildarríkjunum beri að sjá til að stofnanir þar sem börnum er veitt umönnun og vernd, starfi í samræmi við þær reglur sem stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.

Til þess að starfsmenn leikskóla geti sinnt lagalegri tilkynningarskyldu sinni og þeirri umönnun og vernd sem kemur fram í barnasáttmálanum þarf ríkið að koma til móts við þá með ráðstöfunum á sviði stjórnsýslu. Verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda er eitt af þeim verkfærum sem stjórnsýslan hefur fært starfsmönnum leikskóla (Barnaverndarstofa, e.d.c). Hér eftir verða þessar reglur nefndar verklagsreglurnar. Verklagsreglunum er ætlað að skýra verklagsferlið og aðstoða starfsmenn ef grunur vaknar um að ekki sé allt með felldu hjá barni.

Mikilvægt getur reynst að endurmeta þær verklagsreglur sem settar eru og skoða hvort þær skili í raun tilætluðum árangri. Það er tilgangurinn með þessari rannsókn.

Rannsóknarspurningar sem leitast er við að svara í þessari rannsókn eru;

Hafa verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda frá 18. desember 2006 breytt viðhorfi starfsmanna leikskóla til tilkynningarskyldunnar?

Hefur leikskólinn sett sér sérstakar verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna? Ef sérstakar verklagsreglur eru til staðar hafa þær þá haft áhrif á viðhorf starfsmanna um tilkynningu mála einstakra barna til barnaverndarnefndar?

Hver er þekking starfsmanna á verklagsreglunum?

Hver er reynsla starfsmanna af notkun verklagsreglnanna?

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla er fræðilegur grunnur efnisins skoðaður. Þar er barnavernd skoðuð með tilliti til þeirra laga sem nú gilda um barnavernd. Einnig er fjallað um fyrstu lögin sem taka til þess að fylgst sé með uppeldi barna sem birtist í tilskipun um húsagann árið 1746. Í fyrsta kafla eru einnig skoðað mikilvægi tilkynningar, tilkynningar frá leikskólum, hvernig kennarinn tekst á við tilkynningarskylduna, þá einna helst

grunnskólakennarar. Þá er einnig skoðað hvernig tilkynningarskyldan er í öðrum löndum og hvernig leikskólakennarar í öðrum löndum takast á við hana. Nánast ekkert var að finna um leikskólakennara og tilkynningarskylduna hér á landi nema lokaverkefni til B.A. eða B.Ed. prófs. Í öðrum kafla er fjallað um tildrög rannsóknarinnar, markmið hennar og tilgang og aðferðafræði rannsóknarinnar gerð skil. Í þriðja kafla eru niðurstöðum rannsóknarinnar gerð skil í máli og myndum og í fjórða kafla eru umræður þar sem niðurstöður eru teknar saman. Í fimmta og síðasta kaflanum eru lokaorð tekin saman. Rannsakendum fannst henta betur að hafa umræðukafla og lokaorð. Lokaorðin er ætluð til þess að draga hugsanir rannsakenda saman í nokkur orð í lokin. Einnig er þar lauslega farið yfir rannsóknina í heild.

1.Fræðilegur bakgrunnur

1.1 Barnavernd

Þann 3. júní árið 1746 var lögsett tilskipun um húsaga á Íslandi í þeim eru fyrstu lögín sem náðu til allra barna á Íslandi. Með tilskipuninni urðu til lög þar sem fram kom að yfirvöldum bæri skylda til að fylgjast með uppeldi allra barna og sjá til að það væri samkvæmt húsaganum. Markmiðið með lögnum var ekki aðeins að bæta uppeldi barnanna heldur einnig að bæta heimilislífið og sjá til þess að húsabóndaræðið sem einkenndi þennan tíma væri einhverjum takmörkum háð. Eftirlit var í höndum sóknarpresta og hreppstjóra. Svo virðist vera að húsagatilskipuninni hafi í raun verið ætlað að sjá til þess að börn væru alin upp við guðsótta, hlýðni og erfiði (Hildur Biering, 2006).

Mikilvægi góðs uppeldis á börnum hefur því verið í hávegum haft frá árinu 1746. Í dag er þó ekki lagt upp með guðsótta, hlýðni og erfiði heldur er áhersla lögð á réttindi barnsins er varðar vernd, umönnun og þátttöku þeirra.

Barnaverndarlög nr. 80/2002 eru þau lög sem hafa það hlutverk að tryggja vernd barna nú á tímum. Fyrsta grein laganna lítur að réttindum barna og skyldum foreldra. Þar er komið inn á það hvað skuli haft að leiðarljósi þegar kemur að uppeldi þeirra og umönnun.

Markmið barnaverndarlaganna er að finna í annarri grein þeirra og er fólgið í að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Eftirfylgni með þessum lögum er ekki í höndum sóknarpresta og hreppstjóra líkt og í tilskipun húsaþinga áður fyrr. Samkvæmt núgildandi barnaverndarlögum er eftirlitið í umsjón barnaverndarnefnda. Þær taka við þeim tilkynningum sem berast og vinna úr þeim. Barnaverndarstofa hefur yfirumsjón með barnaverndarnefndum landsins sem einkum felst í eftirliti með störfum barnaverndarnefnda sem og ráðgjöf við úrlausn mála (Barnaverndarstofa, e.d.)

Í fjórða kafla barnaverndarlaganna, er að finna 16. gr. laganna sem segir til um tilkynningarskyldu almennings. Samkvæmt henni er það sameiginlegt verkefni allra Íslendinga að sjá til þess að börn sem búa við óviðunandi uppeldisskilyrði fái þá aðstoð sem þau mögulega þurfa á að halda. Barnaverndarlögin greina frá hvers konar úrræði er mögulegt að veita þeim sem þurfa á aðstoð að halda. Nánar er vikið að þeim úrræðum síðar í þessum kafla.

Ekki er gerð krafa um formgerð tilkynningarskyldunnar samkvæmt barnaverndarlögum, en almennt ber að koma tilkynningu á framfæri til barnaverndarnefndar í því sveitarfélagi sem barnið á lögheimili í. Barnaverndarnefndir eru með samning við Neyðarlínuna, 112, og hægt er að ná sambandi við allar barnaverndarnefndir landsins í gegnum hana. Þó er hægt að tilkynna til barnaverndarnefnda með öðrum hætti og getur tilkynning meðal annars komið símleiðis, skriflega, á fundi, í tölvupósti og einnig með SMS-skilaboði. Mjög mikilvægt er að tilkynningarskyldan sé virk og að stöðugt sé unnið að því að kynna hana. Þetta er grundvallaratriði svo barnaverndarnefndir geti gegnt hlutverki sínu og komið börnum sem á þurfa að halda til hjálpar.

Tilkynna skal um allan grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er hlutverk barnaverndarnefnda að ákveða hvort ástæða sé til að hefja könnun og rannsaka málið til hlítar (Barnaverndarstofa, 2006).

Barnaverndarnefndum ber skylda til að taka við öllum þeim tilkynningum sem berast henni. Starfsmönnum hennar ber að meta alvarleika tilkynninganna þegar þær berast. Þeim ber að meta hvort um neyðartilvik sé að ræða eða hvort nægilegt sé að þær berist barnavernd á opnunartíma skrifstofu (Barnaverndarstofa, e.d.a).

Tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli þegar tekin er ákvörðun um könnun máls (Barnaverndarstofa, 2006). Þegar barnaverndarnefnd hefur borist tilkynning ber nefndinni að taka ákvörðun innan sjö daga frá því tilkynningin barst, hvort

ástæða sé til að hefja könnun máls. Rökstuddur grunur þarf að vera fyrir hendi svo tilefni sé til að hefja könnun máls. Markmiðið með könnun máls er að fá fram þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta aðstæður barns og að meta þörfina fyrir úrræði. Nefndinni ber að leita þeirra leiða sem þörf er á til að fá sem skýrustu upplýsingar um aðbúnað barns, líðan þess, tengsl við fjölskylduna og fleira sem fram kemur í 22. gr. barnaverndarlaganna. Þegar könnun máls er lokið að mati barnaverndarnefndar skal nefndin taka saman greinagerð um niðurstöður könnunarinnar, þar skulu koma fram tillögur að úrræðum. Ef sérstakra úrræða er þörf ber nefndinni að leita eftir samvinnu við foreldra. Ef börn eru 15 ára eða eldri ber einnig að leita eftir samvinnu þeirra. Þó ber einnig að leita eftir samvinnu við börn sem eru yngri en 15 ára ef aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Gera skal skriflega áætlun um frekari meðferð máls ásamt málsaðilum, foreldrum og eftir atvikum barni. Úrræðin sem barnaverndarnefnd getur gripið til geta verið úrræði með samþykki foreldra eða úrræði án samþykkis foreldra. Úrræði með samþykki foreldra getur meðal annars falið í sér að leiðbeina þeim um uppeldi og aðbúnað, útvega barni viðeigandi stuðning og meðferð eða útvega tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu fyrir barnið eða fjölskylduna. Úrræði með samþykki foreldra geta einnig falið í sér að nefndin taki við forsjá eða umsjón barns og ráðstafi því í fóstur eða visti barnið utan heimilis, á fósturheimili eða viðeigandi stofnun. Ef úrræði með samþykki foreldris gengur ekki eftir og skilar ekki árangri að mati barnaverndarnefndar hefur hún heimild til að leita eftir úrskurði um úrræði gegn vilja foreldra. Þau úrræði geta kveðið á um eftirlit með heimili, gefið fyrirmæli um aðbúnað og ummönnun barns. Einnig getur barnaverndarnefnd ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi. Barnaverndarnefndir geta krafist forsjárviptingar fyrir dómi samkvæmt 29. gr. barnaverndarlaganna. Forsjárviptingar skal þó aðeins krefjast ef ekki er unnt að beita neinum vægari úrræðum til bóta.

Ef styðjast á við þau úrræði sem fjallað er um hér að ofan þá þarf fyrst að berast tilkynning til barnaverndar svo hún geti hafið könnun máls og mögulega veitt barni þau úrræði sem þörf er á hverju sinni.

1.2 Tilkynningar leikskóla

Í 17. gr. barnaverndarlaganna nr. 80/2002 er kveðið sérstaklega á um tilkynningarskyldu þeirra sem starfa með börnum. Þar er kveðið á um að hverjum þeim sem stöðu sinnar og

starfa vegna og hefur afskipti af málefnum barna sé skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef grunur leikur á að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Gengur tilkynningarskyldan samkvæmt þessari grein framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfstétta. Í 2. mgr. 8. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að þagnarskylda starfsfólks leikskóla nái ekki til atvika sem þeim ber að tilkynna samkvæmt lögum. Jafnframt er kveðið á um í sömu grein að leikskólastjóra beri að brýna skyldur starfsmanna fyrir þeim, einna helst þagnarskylduna og tilkynningarskylduna. Í 18 gr. barnaverndarlaganna er fjallað um tilkynningarskyldu lögreglu og í 3. mgr. 21. gr. kemur fram að tilkynningar geti einnig varðað ófætt barn þegar þunguð kona stofnar lífi þess í hættu með háskalegu eða óviðunandi líferni.

Í 96. gr. barnaverndarlaganna er kveðið á um refsíákvæði, sem varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef ekki er tilkynnt.

Árið 2008 barst 8.241 tilkynning til barnaverndarnefnda á landsvísu. Þar af komu 139 tilkynningar frá leikskólum og gæsluforeldrum, sem eru aðeins 1,7% af heildarfjölda tilkynninga. Árið 2009 var heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda 9.353, þar af voru 200 tilkynningar frá leikskólum og gæsluforeldrum eða 2,0% af heildarfjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda. Hækkunin á milli ára er 0,3% (Barnaverndarstofa, 2011). Árið 2000 bárust 35 tilkynningar frá leikskólum og gæsluforeldrum, árið 2001 fjölgaði tilkynningum talsvert en samtals bárust 72 tilkynningar frá leikskólum og gæsluforeldrum það árið. Tilkynningum fækkaði svo lítillega árið 2002 en þá bárust 63 tilkynningar frá leikskólum og gæsluforeldrum. Árið 2003 bárust 87 tilkynningar frá leikskólum og gæsluforeldrum, árið 2004 voru tilkynningarnar 106 en árið 2005 fækkaði þeim niður í 85. Árið 2006 fjölgaði þeim svo aftur og bárust samtals 104 tilkynningar frá leikskólum og gæsluforeldrum það árið. Árið 2007 fjölgaði tilkynningum um tvær frá árinu á undan. Fjöldi tilkynninga frá leikskólum og gæsluforeldrum þessi ár sem hér um ræðir eru undir 2% af heildarfjölda tilkynninga hvert ár fyrir sig (Barnaverndarstofa, 2004; Barnaverndarstofa, 2008; Barnaverndarstofa, 2011). Af þessu má sjá að fjöldi tilkynninga frá leikskólum og gæsluforeldrum allt aftur til ársins 2000 er ekki hátt hlutfall af heildarfjölda tilkynninga sem berast til barnaverndarnefnda. Hins vegar hefur fjöldi tilkynninga frá leikskólum og gæsluforeldrum frá árinu 2000 til ársins 2009 fjölgað um 165 tilkynningar. Mesta fjölgun tilkynninga varð milli árána 2008 og 2009 en þá fjölgaði þeim um 61 tilkynningu. Áberandi er hversu mikið tilkynningum fjölgar árin 2008 og

2009 og má geta sér til um að það sé vegna tilkomu verklagsreglnanna sem settar voru árið 2006 en erfitt er að segja til um það. Sem dæmi má nefna að tilkynningunum fjölgaði ekki nema um tvær milli 2006 og 2007, en verklagsreglurnar gætu hafa verið kynntar árið 2007 og því ekki borist fleiri tilkynningar fyrr en árið 2008. Einnig má ætla að aukning tilkynninga megi skýra með sískráningu tilkynninga en sískráning tilkynninga hófst í janúar 2005. Fram að þeim tíma safnaði Barnaverndarstofa heildartölum yfir störf barnaverndarnefnda árlega, sem treglega gekk að safna og voru jafnvel allt að tveggja ára gömul gögn. Vegna þess hve treglega gekk að safna gögnum var ákveðið að hefja sískráningu og safna saman upplýsingum um fjölda tilkynninga allra nefnda mánaðarlega (Barnaverndarstofa, 2011).

Mikilvægt er að fagstéttir séu meðvitaðar um hvernig bregðast eigi við um grun um að barn sé beitt ofbeldi eða vanrækt. Gefnar hafa verið út verklagsreglur um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla og einnig fyrir heilbrigðisstarfsmenn í samstarfi við Barnaverndarstofu (Barnaverndarstofa, e.d.c; Barnaverndarstofa, e.d.d). Nánar verður fjallað um verklagsreglur fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla síðar.

Möguleiki er á að eitthvað geti komið í veg fyrir að starfsmaður sinni tilkynningarskyldu sinni. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim hindrunum til þess að hægt sé að vinna á þeim. Því barnið skal ávallt njóta vafans (Anni G. Haugen, 2004).

1.3 Hindranir tilkynninga

Tilkynningarskyldan setur hagsmuni barnsins í forgang og er ákveðið öryggisnet fyrir börnin. Þetta er sjálfsagður fórnarkostnaður fyrir samfélagið.

Þau sem eru fylgjandi lögbundinni tilkynningaskyldu leggja áherslu á mikilvægi tilkynninganna þrátt fyrir að einhverjir hnökra geti verið á skilgreiningum, úrræðum og viðbrögðum barnaverndarkerfisins (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Mikilvægt er að horfa til þess að tilkynning er ekki tilgangslaus þrátt fyrir að hún hafi ekki leitt af sér könnun máls. Tilkynningar eru varðveittar og hefur nefndin kost á að skoða eldri tilkynningar ef eitthvað verður til þess að talin er þörf á því. Nefndin hefur því yfirlit yfir það ef margar tilkynningar berast um sama barn og getur þá vaknað grunur hjá nefndinni sem leiðir til könnunar máls (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Áhyggjur hafa vaknað um að afskipti barnaverndaryfirvalda geti verið viðkvæmt mál. Eflaust má rekja þær til þeirra neikvæðu myndar sem sett hefur verið fram af afskiptum barnaverndar (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Það er þó ekki reyndin þegar kemur að upplifun skjólstæðinga þeirra sem yfirleitt eru ánægðir með þeirra afskipti og aðstoð (Drake og Jonson-Reid, 2007).

Eins og fram hefur komið er lögboðin tilkynningarskylda hér á landi. Einnig eins og nánar kemur fram síðar er lögboðin tilkynningarskylda í öðrum löndum en þó ekki öllum. Fræðimönnum hefur greint á um hvort tilkynningarskylda eigi að vera lögboðin eður ei.

Umfang tilkynningarskyldunnar í ýmsum löndum hefur verið rannsakað ásamt kostum þess og göllum að skylda fagstéttir og aðra að tilkynna til barnaverndarnefnda. Því hefur meðal annars verið haldið fram að án þess að hafa kerfi sem skyldar tilkynningu yrði mun erfiðara að vernda börnin og aðstoða foreldra og fjölskyldur, vegna þess að mörg tilfelli misnotkunar og vanrækslu myndu því ekki koma til kasta yfirvalda og hjálparstofnanna (Mathews og Bross, 2008).

Misjafnar skoðanir eru meðal fræðimanna um tilvist og gagnsemi lagaákvæða um tilkynningarskyldu fagstétta. Helstu rök gegn tilkynningarskyldunni eru þau að tilkynningum hefur fjölgað mikið og eiga þær ekki við rök að styðjast nema í litlu mæli. Fjármagn og mannafl fari í að sinna óþarfa málum á kostnað þeirra mála þar sem hagsmunir barns eru í hættu. Kannað hefur verið sérstaklega hvort fyrirliggjandi rannsóknir gegn tilkynningarskyldunni ættu við rök að styðjast og voru niðurstöðurnar þær að almennt ætti gagnrýnin ekki vísindalega stoð. Ekki er hægt að rekja með beinum hætti að fjölgun tilkynninga sé vegna tilkynningarskyldunnar sem slíkrar. Í sumum rannsóknum er því haldið fram að fagstéttir tilkynni of mikið, þá halda aðrir því fram að rannsóknir styðji frekar þá niðurstöðu að tilkynningar mættu vera fleiri. Fjölgun tilkynninga hér á landi er ekki vegna breyttra lagaákvæða um tilkynningarskyldu. Fjölgunin hefur fyrst og fremst verið rakin til bættra skilgreininga og skráningar og aukinnar samfélagslegrar vitundar (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Tilgangurinn með tilkynningarskyldunni er að sjá til þess að vitneskja um barn sem er hjálparþurfi berist til réttra yfirvalda svo mögulegt sé að nýta þau bjargráð sem yfirvöldum ber að veita samkvæmt lögbundinni skyldu sinni (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Tilkynningaskyldan setur hagsmuni barnsins í forgang og er ákveðið öryggisnet fyrir börnin. Þetta er sjálfsagður fórnarkostnaður til að koma börnunum til hjálpar (Mathews og Bross, 2008).

Eins og sjá má eru rökin sem færð eru með og á móti tilkynningarskyldunni tengd rannsóknum á því hvernig hún virkar í framkvæmd. Samkvæmt rannsóknum hafa komið í ljós ýmiskonar hindranir sem standa í vegi fyrir því að tilkynnt sé og að tilkynningarskyldan nái þá þeim markmiðum sem stefnt er að. Fagstéttir hafa meðal annars nefnt að þekking á tilkynningarskyldunni og einkennum á ofbeldi og vanrækslu sé ekki nægjanleg, einkenni séu ekki talin nægilega alvarleg eða grunur um ofbeldi eða vanrækslu ekki nægilega sterkur, trúnaðarsamband við skjólstæðinga talið í hættu, viðkomandi telur sig geta veitt barni og foreldrum betri þjónustu en barnaverndarnefnd, vanþekking eða vantraust á barnaverndaryfirvöldum og neikvæðar persónulegar afleiðingar fyrir tilkynnanda (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

1.4 Mikilvægi tilkynningarinnar

Ung börn eiga allt sitt undir fullorðnu fólki. Þau eru undir sterkum áhrifum ímyndunarafslis og á valdi tilfinninga og þurfa liðsinni annarra til að ráða við og skilja aðstæður. Reynsla og aðstæður hafa bein áhrif á það hvernig heili þeirra þroskast og er hann aldrei jafn auðmótanlegur og á fyrstu árum ævinnar. Vanræksla og ofbeldi í bernsku getur valdið fólki þjáningum alla ævi og getur það orðið fjölskyldum og samfélaginu þung byrði. Við munum ekki eftir fyrstu mánuðunum í lífi okkar, jafnvel ekki fyrstu tveimur til þremur árunum og hefur það leitt í ljós að einmitt þessir mánuðir og ár hafa varanleg áhrif á líf okkar þaðan í frá (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Mikilvægt er að tilkynna fyrr en síðar og þá er líklegra að árangur náist.

Flestar tilkynningar ársins 2008-2009 bárust barnaverndarnefndum varðandi áhættuhegðun barna og af þeim fjölluðu flestar tilkynningarnar um afbrot barns. Hér er því ekki um að ræða tilkynningar á leikskólabörnum. Vanræksla er hins vegar næst stærsti flokkur tilkynninga eða 3.245 tilkynningar. Flestar tilkynningarnar um vanrækslu vörðuðu vanrækslu á umsjón og eftirliti. Ofbeldi kemur þar á eftir en samtals 1.734 tilkynningar bárust vegna ofbeldis árið 2009. Árið 2008-2009 bárust því 4.977 tilkynningar um ofbeldi eða vanrækslu á börnum (Barnaverndarstofa, 2011).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að á milli 25-70% barna frá ofbeldisheimilum sýna hegðunarvanda og á milli 10 – 20% barna sem ekki koma frá slíkum heimilum (McDonald og Jourles, 1991). Rannsóknirnar sýna svo ekki er vafi á að ill meðferð á börnum leiðir til verulegra hegðunarvandkvæða. Meðal þess sem birtist hjá börnum sem búa á ofbeldisheimilum auk hegðunarvanda er tilfinningarlegur sársauki, lítið sjálfsálit, léleg félagsleg færni, erfiðleikar við lausn félagslegra vandamála, átraskanir, líkamleg óþægindi, angist, þunglyndi, svefnraskanir og áfallastreituröskun (Socialstyrelsen, 2003; Sudermann og Jaffe 1999). Í niðurstöðum taugavísindarannsókna er gefið til kynna að afleiðingar áfalla hjá börnum rista dýpra en áður var talið. Heili barna er viðkvæmur gagnvart streitu þar sem hann er að þroskast (Margolin og Vickerman, 2007). Eins og fram kemur hér að ofan hefur reynsla og aðstæður áhrif á þroska heila barns.

Mörg börn sem búa á ofbeldisheimilum sýna einkenni áfallastreitu eins og fram hefur komið. Rannsókn sem gerð var á börnum sem dvöldust í kvennaathvarfi sýndi að 56% þeirra höfðu einkenni sem nægja til áfallastreitugreiningar. Meirihluti þeirra barna sem ekki höfðu næg einkenni til áfallastreitugreiningar sýndu samt sem áður einhver einkenni áfallastreitu (Lehman 1997). Nú orðið er það viðurkennt að barn sem verður vitni að ofbeldi gegn móður eða milli foreldra sinna getur þróað með sér áfallastreituröskun. Einnig getur vanlíðan sem fylgir áfallastreituröskun valdið frekari erfiðleikum og þar af leiðandi er meiri hætta á því að börn þrói með sér frekari geðræn vandamál (Margolin og Vickerman, 2007). Hætta er á því að börn sem þjást af áfallastreituröskun eða öðrum kvíðaröskunum vegna ofbeldis séu ranglega greind, til dæmis með athyglisbrest með eða án ofvirkni (Weinstein, Staffelbach og Biaggio, 2000). Þá eru þessi börn oft seinni til þroska, skólaganga þeirra rofin eða þau mæta illa í skóla. Þau eru líklegri til að líta svo á að ofbeldi sé eðlilegt í mannlegum samskiptum og telja það jafnvel lausn á vandamálum. Rannsóknir styðja að auki þá hugmynd að hluti barna frá ofbeldisheimilum endurtaki þá hegðun í samböndum á fullorðinsárum (Sudermann og Jaffe, 1997). Vanræksla á börnum er mjög viðkvæmur málaflokkur sem erfitt er að nálgast og í raun lítið rannsakaður og þekktur. Skilgreiningar á vanrækslu nær yfir mjög vítt svið og flókið að meta hvenær vanræksla á sér stað. Fórnarlömb vanrækslu eru líklegri til þess að fást við sálræn vandamál, glíma við fátækt, fara út í afbrot, vanrækja sín eigin börn og beita þau eða maka sína ofbeldi en þeir sem ekki hafa verið vanræktir í æsku (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Mikilvægt er að tilkynna allan grun hversu lítilvægur sem hann er. Rannsóknir hafa sýnt að vanræksla geti bent til þess að það séu fleiri þættir sem þarf að skoða. Vanrækslu virðast oft á tíðum fylgja fleiri tegundir vanrækslu eða misnotkunar. Rannsókn sem gerð var á tilkynningum í Bandaríkjunum sýndi að aðeins fimm prósent þeirra barna sem tilkynnt voru vegna vanrækslu höfðu ekki fleiri þætti misnotkunar heldur var bara um þetta eina tilvik að ræða. Því voru 95 prósent barnanna þjuggu við umfangsmeiri vanrækslu eða ofbeldi en um var að ræða í þeirri tilkynningu sem hafði borist. Þau börn sem tilkynnt voru vegna annars konar misnotkunar en vanrækslu voru líklegri til þess að hafa ekki fleiri þætti misnotkunar (Mennen ofl, 2010). Því getur tilkynning sem lítur út fyrir að vera lítilvægileg leitt af sér að upp kemst um mun umfangsmeira vandamál.

Vanræksla og ofbeldi getur haft ýmis áhrif á þann sem fyrir því verður eins og fram hefur komið. Vandamálin fela þó ekki bara í sér félagslega og andlega erfiðleika því einnig hefur komið í ljós að það getur haft efnahagslegar afleiðingar í framtíðinni fyrir þann sem fyrir því verður. Einstaklingar sem verða fyrir ofbeldi eða eru vanræktir eru líklegri til að hafa minni menntun og lægri tekjur (Currie og Widom, 2010).

Börn bregðast á mismunandi hátt við vanrækslu og ofbeldi. Sum börn upplifa langtímaafleiðingar á meðan aðrir upplifa ekki eins miklar afleiðingar. Stuðningur frá samfélaginu og þeim sem eru í kringum einstaklinginn getur haft áhrif á hvernig hann nær að vinna úr ofbeldinu eða vanrækslunni. Stuðningur fjölskyldu og jafningja getur spilað lykilhlutverk þegar kemur að því að einstaklingurinn reyni að vinna úr sínum málum (Lawson, 2009; Schultz ofl, 2009).

Þegar hegðun foreldra sem tilkynnt hafa verið til barnaverndar breytist til betri vegar þá getur það haft jákvæð áhrif á börnin og líðan þeirra. Andlegt og líkamlegt ofbeldi ásamt líkamlegri vanrækslu eru þættir sem eru líklegir til þess að valda barni skaða til frambúðar (Christoffersen og DePanfilis, 2009). Því er mikilvægt að tilkynna til þess að mögulegt sé að veita þá aðstoð sem þörf er á til þess að ná árangri.

Í 1. mgr. 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang. Jafnframt kemur fram í 2. mgr. sömu greinar að tryggja skuli börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu aðildarríki í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

Vandi sem steðjar að börnum og fjölskyldum þeirra er af ólíkum toga og ekki verður gerð ítarleg grein fyrir honum hér. Þegar afleiðingar þess að börn sem beitt eru ofbeldi eða eru

vanrækt eru skoðaðar, leikur enginn vafi á því að mikilvægt er að koma þeim til aðstoðar sem fyrst.

1.5 Kennarinn og tilkynningarskyldan

Eins og komið hefur fram segir í 8. gr. laga um leikskóla að leikskólastjóra beri að brýna skyldur starfsmanna fyrir þeim. Þá einna helst þagnarskylduna og sérstaklega ber leikskólastjóranum að brýna tilkynningarskyldu starfsmanna leikskóla fyrir þeim.

Hluti af því að starfa með börnum felur í sér þá ábyrgð að vera vakandi fyrir líðan, aðbúnaði og tilfinningum þeirra barna sem starfsmennirnir hafa umsjón með. Mikilvægt er að þeir sem starfa með börnum séu vel upplýstir um þá löggjöf sem tekur til barna, sérstaklega í ljósi þeirra lögbundnu tilkynningarskyldu sem á þeim hvílir (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Aðgangur kennara að börnum í þeirra daglega lífi er einstakur. Kennarinn hittir barnið fimm daga vikunnar og oftast í fimm til átta klukkustundir í senn sem eykur líkurnar á að nemandinn myndi við hann trúnaðarsamband. Kennarinn er því í kjöraðstæðum til að greina ef ekki er allt með felldu. Afar líklegt þykir að barn leiti eftir stuðningi og hughreystingu hjá kennaranum (Nanna Kristín Christiansen, 2010; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Margar tilfinningar og spurningar geta vaknað hjá kennaranum þegar hann grunar að eitthvað sé mögulega ekki eins og það á að vera í lífi nemandans. Kennarinn efast ef til vill um grun sinn og leitar annarra ástæðna fyrir því sem vekur grun hans, eins og að mögulega hafi fjölskyldan önnur gildi en hann sjálfur (Nanna Kristín Christiansen, 2010).

Kennarinn veltir því mögulega fyrir sér að það taki því ekki að tilkynna því það verði hvort sem er ekkert gert (Nanna Kristín Christiansen, 2010). Þetta á að einhverju leiti við rök að styðjast, þá sérstaklega í ljósi réttarstöðu brotapolanna. Af þeim brotum sem tilkynnt eru gegn börnum hérlendis fara aðallega kynferðisbrotamál fyrir rétt. Börn sem verða fyrir kynferðisofbeldi hafa því sterkari réttarstöðu en þau börn sem verða fyrir annars konar ofbeldi. Sérstakt ákvæði er að finna í almennum hegningarlögum er varða kynferðisofbeldi gegn börnum en engin ákvæði er varða önnur brot gegn börnum er að finna í hegningarlögunum (Barnaheill, 2011). Sá möguleiki er líka fyrir hendi að kennarinn óttist það að ef hann tilkynnir til barnaverndarnefndar tapi hann trausti nemandans og foreldra hans.

(Nanna Kristín Christiansen, 2010). Því getur það reynst þeim sem vinna með börnum erfið ákvörðun hvort og hvernig beri að standa að tilkynningu um grun sinn. Þá eru margir sem hafa áhyggjur af því að verið sé að gera of mikið úr grun sínum, sérstaklega mati sínu á líðan nemandans og hegðun hans. Kennarar geta þeir verið óöruggir með upplifun sína af frásögn barnsins, það er hins vegar ekki ábyrgð starfsmannanna að kanna grun sinn heldur ber þeim að tilkynna hann til barnaverndaryfirvalda sem ákveða hvort grunur reynist á rökum reistur (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Lítið er til af rannsóknum sem taka á tilkynningarskyldu starfsmanna á leikskólum héraðs. Aðallega er um að ræða nemandansrannsóknir. Meðal annars lokaverkefni til B.A. prófs í félagsráðgjöf og B.Ed. í leikskólakennarafræðum.

Gerðar voru rannsóknir á leikskólum Akureyrar árið 2010 og leikskólum Selfoss árið 2007 um þekkingu starfsfólks leikskólanna á ofbeldi og vanrækslu á börnum og tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda. Þar kom í ljós hversu algengt það er að starfsmenn séu illa upplýstir um tilkynningarskylduna og einnig um einkenni ofbeldis- og vanrækslu á börnum. Meira en helmingur starfsmanna hafði ekki verið upplýstur um tilkynningarskylduna eða einkenni ofbeldis eða vanrækslu við upphaf starfs á leikskólunum. Það kom þó í ljós að starfsfólk í leikskólum Akureyrar var meðvitaðra um einkenni ofbeldis eða vanrækslu þrátt fyrir að hafa ekki fengið viðeigandi fræðslu og upplýsingar varðandi þessi málefni þegar það hóf störf. Flestir þeirra sem sögðust vera upplýstir um skyldu sína um að tilkynna voru leikskólakennaramenntaðir. Mikill munur var á menntunarstigi á milli staða en á Akureyri voru 75,97 % starfsmanna háskólamenntaðir og þar af 58,14 % menntaðir leikskólakennarar. Á Selfossi voru hins vegar 43,78 % starfsmanna með háskólamenntun og þar af 37,35 % menntaðir leikskólakennarar. Þá var einnig munur á starfsaldri en flestir voru með 11 ára starfsaldur eða lengri en á Akureyri var næst algengasti starfsaldur sex til tíu ár en eitt ár eða skemmur á Selfossi. Á Akureyri voru rúmlega helmingur starfsmanna leikskólanna sem vissi að samkvæmt lögum bæri þeim að tilkynna um ofbeldi eða vanrækslu en á Selfossi voru aðeins 31,33% starfsmanna leikskólanna sem vissu það. Tæplega 40 % þátttakenda á Selfossi hafði grunað að barn væri beitt ofbeldi eða vanrækt og um helmingur þeirra tilkynnti þann grun. Á Akureyri hafði tæplega 65 % þátttakenda grunað að barn væri beitt ofbeldi eða vanrækt en einungis 24,81 % starfsmanna hafði tilkynnt um ofbeldi eða vanrækslu. Flestir þátttakendur í báðum rannsóknum töldu það vera í verkahring leikskólustjóra að tilkynna til

barnaverndarnefndar. Þá var yfirgnæfandi meirihluti í báðum rannsóknum sem taldi það vera siðferðislega rétt að tilkynna um ofbeldi eða vanrækslu.

Í nemarannsóknunum voru þátttakendur spurðir að því hvort þeir teldu það hafa áhrif á samskipti sín við foreldra ef þau tilkynntu um ofbeldi eða vanrækslu á börnum?

Á Selfossi svöruðu allir þátttakendur spurningunni, flestir eða tæplega 41 % þátttakenda sögðust ekki vita hvort það hefði áhrif á samskiptin við foreldrana að tilkynna. Rúmlega 37 % töldu það hafa áhrif á samskiptin en tæplega 22 % töldu það ekki hafa nein áhrif á samskiptin við foreldra. Á Akureyri töldu flestir eða 50 % þátttakenda það hafa áhrif á samskipti við foreldra að tilkynna. Þeir sem sögðust ekki vita það voru 31 % og tæplega 18 % töldu það ekki hafa áhrif á samskiptin að tilkynna. (Sandra Anne Marie Vachon, 2007; Anna Egilsdóttir og Elsa Rut Róbertsdóttir, 2010).

Árið 2003 gerði Anna María Jónsdóttir úttekt á samstarfi Leikskóla og Barnaverndar í Reykjavík í lokaverkefni sínu, Hvað er barni fyrir bestu? Þar kom meðal annars í ljós samstarf Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Leikskóla Reykjavíkur verið lítið sem ekkert. Einnig kom í ljós að starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur telja fræðslu um barnavernd og barnaverndarlög af skornum skammti. Þá fannst þeim hlutverk leikskólakennara þegar upp koma barnaverndarmál ekki nógu skýr og vanta skýrt verklagsfyrirkomulag (Anna María Jónsdóttir, 2003).

1.6 Önnur lönd

Löndum sem leggja áherslu á tilkynningarskylduna fer fjölgandi. Munur er þó á milli landa hvernig tilkynningarskyldunni er háttað, hverjum beri að tilkynna, hvaða aðstæður og hvenær (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Tilkynningarskyldan er yfirleitt í höndum lögreglu, almennings eða fagstétta, þó er það misjafnt eftir löndum (Guðrún Kristinsdóttir, 2004).

Í Noregi hvílir tilkynningarskylda á opinberum aðilum og tilteknum fagstéttum samkvæmt sérstökum barnaverndarlögum sem eru í gildi þar í landi. Tilkynningarskylda hvílir hins vegar ekki á almenningi. Í Danmörku er tilkynningarskylda fagstétta og almennings líkt og hér á landi. Þó er tekið fram að fagaðila beri að tilkynna ef þau ráð sem hann býr yfir geta ekki

komið að notum. Í Svíþjóð er tilkynningarskylda almennings í lögum ásamt tilkynningarskyldu allra þeirra sem starfa með börnum (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Rannsóknir hafa verið gerðar í Svíþjóð á tilkynningum starfsmanna leikskóla til barnaverndar þegar grunur vaknar um ofbeldi eða vanrækslu. Ein þeirra sýnir meðal annars að ýmsir þættir hafa áhrif á það hvort leikskólastarfsmenn tilkynna grun um ofbeldi eða vanrækslu. Algengasta ástæða þess að starfsmennirnir tilkynntu ekki grun sinn til barnaverndarnefndar samkvæmt rannsókninni var sú að þeir töldu næg úrræði vera til staðar á leikskólanum sjálfum til að takast á við vandann (Svensson, 2008).

Í Svíþjóð hefur ferli barnaverndarmála verið óskýrt og hefur það orðið til þess að þeir sérfræðingar sem hafa lagalega skyldu til að tilkynna, hafa oft þurft að hugsa sig tvisvar um þegar grunur hefur vaknað um ofbeldi eða vanrækslu á barni. Yfirleitt er ekki leitað til sérfræðinganna til að fylgja tilkynningum þeirra eftir. Það er því erfitt fyrir þá að meta hvort tilkynningar þeirra skili einhverjum árangri (Cocozza o.fl, 2006).

Fleiri þættir geta haft veruleg áhrif á það hvort leikskólastarfsmenn í Svíþjóð tilkynna grun sinn til barnaverndar. Lögbundna tilkynningarskyldan varð oft til að auðvelda starfsmönnum að taka þá ákvörðun að tilkynna ef áfengi eða vímuefnaneysla foreldra voru talin vera orsök ofbeldisins eða vanrækslunnar. Að meðaltali voru fjórtán mánuðir sá tími sem leið frá því að starfsmenn var farið að gruna að ekki væri allt með felldu þar til endanleg tilkynning barst barnavernd. Nálægðin og tengsl starfsmanna leikskóla við foreldra getur orðið til þess að starfsmenn tilkynni ekki. Þeir finna fyrir sektarkennd og finnst þeir vera að svíkja foreldrana (Sundell, 1997).

Samkvæmt rannsóknum þá fælir tilkynningarskyldan ekki fólk frá því að leita sér hjálpar. Stór hluti skjólstæðinga treystir jafnvel heilbrigðisstarfsmanni betur sem tilkynnir til barnaverndarnefndar. Í erlendri rannsókn kom í ljós að 72 % skjólstæðinga sem töldu tilkynningu jákvæða eða ekki skipta máli fyrir samband sitt við heilbrigðisstarfsmann (Krisann M. Alvarez og fl., 2005).

Rannsókn sem gerð var í Svíþjóð kannaði mikilvægi þess að starfsmenn leikskóla tilkynni um grun sinn. Starfsmenn leikskólanna voru fengnir til að nafngreina börn sem þeir höfðu grun um að þyrfti að tilkynna. Fjórum árum síðar var athugað hversu mörg þessara barna eða aðstæður þeirra væri búið að tilkynna um. Í ljós kom að um helmingur þeirra barna sem höfðu verið nafngreind voru orðin aðilar að máli á vegum barnaverndar. Flestar

tilkynningarnar höfðu borist frá leikskólanum sjálfum en einhverjar tilkynningarnar komu annars staðar frá. Starfsmenn leikskólans sögðu vanþekkingu sína á tilkynningarskyldunni og á því ferli sem henni fylgir vera eina af lykilástæðum þess að þeir tilkynntu ekki (Sundell, 1997).

Í Bandaríkjunum eru almenn lög, alríkislög, sem kveða á um að lögreglunni beri að tilkynna grun sinn. Almenningi hefur ekki sérstaka skyldu til þess að tilkynna samkvæmt alríkislögunum. Hvert ríki setur sín eigin lög og í stórum hluta ríkjanna er að finna sérstök lög um tilkynningarskyldu fagstétta (Guðrún Kristinsdóttir, 2004).

Rannsókn á tilkynningum kennara í Bandaríkjunum sýndi að margir þeirra voru óöruggir með að tilkynna sökum þess að þeim fannst þeir ekki vera nógu vel undirbúnir til þess og þekkja ekki nógu vel það ferli sem þarf að fara af stað. Kennurunum fannst oft sem það ætti að vera í verkahring einhvers annars að tilkynna til dæmis ráðgjafa eða skólastjóra. Rannsóknin sýndi einnig að starfsmennirnir bjuggu yfir ótta við að tilkynna samstarfsmann og vó það þyngra en óttinn við að hafa misskilið eða mistúlkað aðstæður eða frásögn heldur en mikilvægi þess að sinna lagalegri skyldu sinni (Kenny, 2001).

Það getur reynst mikilvægt að hafa tilkynningarferlið einfalt og skýrt þegar kemur að barnaverndarmálum. Starfsmenn virðast vera ólíklegri að tilkynna grun sinn ef þeir vita ekki hvernig þeir eiga að bera sig að við tilkynninguna. Hlutverk hvers og eins þarf að vera skýrt í tilkynningarferlinu svo að allir geti sinnt sínu hlutverki og vænti þess ekki að einhver annar sinni því. Þá er mikilvægt að allir séu vel upplýstir um þá þætti sem geta bent til að eitthvað sé ekki með felldu hjá barninu (Kenny, 2001).

1.7 Verklagsreglur

Árið 2003 voru gefnar út verklagsreglur um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsmanna til barnaverndarnefnda. Í desember 2006 voru gefnar út verklagsreglur fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla. Reglurnar eru unnar í samstarfi við fulltrúa Menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndar Reykjavíkur og Barnaverndarstofu. Verklagsreglum þessum er ætlað að hjálpa starfsmönnum leik-, grunn- og framhaldsskóla að sinna lagalegri tilkynningarskyldu sinni. Tilgangur þeirra er að skýra verklagsferlið og aðstoða starfsmenn ef grunur vaknar hjá þeim að ekki sé allt með felldu hjá

barni. Varða þær börn upp að 18 ára aldri og ná þar af leiðandi til allra starfsmanna leik-, grunnskóla og fyrstu bekkja framhaldsskóla.

Verklagsreglurnar gera ráð fyrir að starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla meti hvort ástand, líðan eða umönnun barnanna sé þannig hátt að ástæða þyki til að tilkynna til barnaverndarnefndar. Einnig kemur fram eins og greint hefur verið frá að tilkynna skuli um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er í verkahring barnaverndarnefndar eða starfsmanns hennar að meta hvort grunur sé á rökum reistur og taka í framhaldi ákvörðun um frekari könnun máls. Í reglum er tilgreint hvað skuli tilkynna en hafa ber í huga að oft er erfitt að tengja ofbeldi eða vanræksluna við eitthvert eitt atriði, því er ljóst að ekki er unnt að tilgreina öll þau tilvik eða aðstæður þar sem barnaverndaryfirvöld eiga að koma að máli barns. Ávallt skal meta hvert tilfelli fyrir sig. Helstu atriði sem tilkynnt er um eru vanræksla, ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Nánari umfjöllun um þessa flokka er að finna aftast í verklagsreglum fyrir starfsmenn að hafa til hliðsjónar, þó ekki tæmandi listi. Ekki verður fjallað nánar um þá hér (Barnaverndarstofa, e.d.c). Til er ákveðið skilgreiningar- og flokkunarkerfi (SOF) í barnaverndarmálum á Íslandi sem notað er af barnaverndarnefndum og innan Barnaverndarstofu. Útfærsla kerfisins var í höndum dr. Freydísar J. Freysteinsdóttur og hefur verið notað síðan árið 2005. SOF kerfinu er skipt í tvo hluta, í fyrrihlutanum er fjallað um börn sem þolendur sem skiptist í þrjá kafla, vanræksla, ofbeldi og heilsa eða líf ófæddis barns í hættu. Í öðrum hluta er svo fjallað um áhættuhegðun barns. SOF er ætlað til þess að auðvelda að greina þann vanda sem börn búa við. Kerfið hjálpar til við að skoða tilkynningar og gera kannanir út frá barninu sjálfu en ekki þeim aðstæðum sem það býr við. SOF miðar af því að auðvelt sé að gera grein fyrir hver vanrækslan, ofbeldi eða áhættuhegðun barna er sem tilkynnt er um til barnaverndarnefnda (Barnaverndarstofa, 2005).

Í verklagsreglum kemur skýrt fram hverjum beri að tilkynna og hvernig. Þá er kveðið á um að hver skóli skuli hafa ákveðið verklag varðandi það hvernig tilkynnt er til barnaverndarnefnda og hver skuli gera það. Mikilvægt er að þetta verklag sé öllum starfsmönnum skólans ljóst. Tilkynning á ekki að vera á ábyrgð einstakra starfsmanna heldur er gert ráð fyrir því að hún sé í nafni stofnunarinnar. Samkvæmt 19. gr. barnaverndarlaganna nýtur stofnunin ekki nafnleyndar. Í reglum er ítarlega farið yfir hvernig bregðast eigi við ef

grunur vaknar um að barn búi við óviðunandi aðstæður, það beitt ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu (Barnaverndarstofa, e.d.c).

2.Rannsóknin

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður gerð grein fyrir rannsókninni, tildrögum hennar, tilgangi, þátttakendum, aðferðafræði, rannsóknarspurningum og markmiði.

2.1 Tildrög rannsóknarinnar

Eins og fram hefur komið kviknaði áhuginn á efni rannsóknarinnar í kjölfar vinnu rannsakenda við leikskóla og eftir að hafa stundað nám við félagsráðgjöf fóru rannsakendur að gera sér betur grein fyrir hversu illa upplýstar þeir væru í raun og veru um málaflokkinn barnavernd. Við vinnu þeirra á leikskóla fengu þeir enga fræðslu um hvernig bregðast ætti við ef að þeim læddist minnsti grunur um að barn byggji við óviðunandi uppeldisskilyrði. Þá var heldur engin fræðsla um þau einkenni barna sem búa við ofbeldi eða vanrækslu. Einnig vakti það athygli þeirra hversu hlutfallslega fáar tilkynningar berast til barnaverndarnefnda frá leikskólum. Þeim fannst einnig áhugavert að hlusta á starfsmenn leikskóla hvort heldur sem er faglærða eða ófaglærða segja meðal annars um barn sem komið er í unglingadeild grunnskóla og á við hegðunarvandamál að stríða, maður vissi þetta nú allan tímann, alla tíð verið „kolvitlaus“. Þá veltu rannsakendur því fyrir sér, hvers vegna og af hverju ekkert sé gert ef barnið hefur á leikskóla sýnt óæskilega hegðun eða eitthvað bent til að ekki sé allt með felldu. Minnisstæð er grein eftir Guðrúnu Frímansdóttur, Löng leið að baki afbrotum, sem birtist í Morgunblaðinu 17. október 2004. Þar kemur meðal annars fram að sumir vilji skella skuldinni á barnavernd og lögregluna þegar í ljós kemur að unglingur hefur farið villu vegar og hefur ef til vill búið við slæmar aðstæður allt sitt líf. Þar talar Guðrún um að fólk gleymi því gjarnan að þegar málefni unglunga koma inn á borð lögreglu og barnaverndaryfirvalda sé yfirleitt löng saga að baki. Hefur hún líkt þessari sögu við sleðaferð niður fjall, en efst í fjallinu situr barnshafandi kona á sleða. Konan fer í mæðraeftirlit á meðgöngunni og þar kvikna jafnvel viðvörunarljós en þó ekki nógu skær til að starfsmenn telji ástæðu til að láta vita. Áfram brunar konan niður brekkuna og í ungbarnaeftirlitinu sjást einhver merki um að ekki sé allt með felldu. Enn þykir þó ekki ástæða til að grípa í taumana. Barnið fer síðan til

gæsluforeldris, en gæsluforeldrar tilkynna nánast aldrei mál til barnaverndaryfirvalda. Þá er komið að leikskólanum og þaðan koma einnig eins og fram hefur komið mjög fáar tilkynningar. Á leikskólanum eru þó gjarnan merki um vanhirðu farin að koma í ljós, barnið á við hegðunarvanda að stríða, nær ekki sambandi við önnur börn, það kemur seint í leikskólann, illa sofið og illa þrifið, í lélegum fatnaði, er sótt seint eða er mikið fjarverandi. Enn brunar sleðinn áfram niður brekkuna. Þá er komið að skólanum og talar Guðrún um að þar sé starfsfólk að verða sífellt meðvitaðra um nauðsyn þess að grípa inn í. Það gerist því miður hins vegar allt of oft að ekkert er að gert fyrir en barnið er komið á unglingsár og hegðun þess farin að valda miklum vanda innan skólans. Það eru svo barnaverndaryfirvöld og lögreglan sem standa neðst í þessari brekku og þeim er ætlað að stöðva sleðann, eftir 15 ára brun niður brekkuna, áður en hann fer fram af hengjunni (Guðrún Frímansdóttir, 2004). Það bera allir ábyrgð lögum samkvæmt eins og fram hefur komið og sérstaklega þeim sem starfa með börnum. Það er mikilvægt að tilkynna og sá sem stýrir sleðanum er ekki sá eini sem ber ábyrgð heldur líka þeir sem sleðinn brunar fram hjá.

2.2 Rannsóknarspurningar

Eftir að hafa íhugað efnið vel og ákveðið nákvæmlega um hvað ætti að skrifa voru rannsóknarspurningarnar ákveðnar. Nokkur lokaverkefni hafa verið gerð sem fjalla um tilkynningarskylduna og því var ákveðið að skoða sérstaklega verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda sem settar voru árið 2006. Hvort þær hafi breytt viðhorfi starfsmanna um að tilkynna, hver þekking þeirra og reynsla er á verklagsreglunum og hvort leikskólarnir hafi sett sér ákveðnar verklagsreglur að fara eftir? Í inngangi ritgerðarinnar eru rannsóknarspurningarnar listaðar upp.

2.3 Tilgangur rannsóknarinnar

Rannsóknin er einskorðuð við sex leikskóla og er það meðal annars vegna umfangs BA-verkefnis en það gefur takmarkaðan ramma til að vinna eftir. Að fengnu leyfi frá fræðsluviðum sveitarfélaganna þriggja og leikskólastjórum leikskólanna hófst vinna rannsóknarinnar í febrúar 2011 og lauk henni í apríl 2011. Ekki er leitast eftir neinum

persónulegum upplýsingum heldur einungis upplýsingar og viðhorf starfsmanna er varða tilkynningarskylduna og verklagsreglurnar.

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvort verklagsreglurnar hafi skilað tilætluðum árangri. Einnig er tilgangurinn að kanna viðhorf starfsmanna leikskóla til verklagsreglnanna og hvort viðhorf starfsmanna um að tilkynna hafi breyst með tilkomu þeirra. Einnig er ætlunin með þessu verkefni að veita lesendum innsýn í þennan málaflokk og auka umræðu um tilkynningarskyldu og mikilvægi þess að tilkynna við minnsta grun.

2.4 Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort og þá á hvaða hátt verklagsreglurnar nýtast starfsmönnum leikskóla. Einnig er markmiðið að niðurstöður rannsóknarinnar veiti yfirsýn á hvernig starfsmenn leikskóla nýta sér verklagsreglur af þessu tagi og hvort þörf sé á að breyta þeim.

2.5 Rannsóknaraðferðin

Rannsóknir eru gerðar í þeim tilgangi að finna sjónarhorn á veruleikann. Til að finna þetta sjónarhorn er hægt að fara ýmsar leiðir (Robinson, 1981). Beita átti bæði meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum við gerð rannsóknarinnar. Eigindlega aðferðin átti að vera í formi greininga á þeim verklagsreglum sem leikskólunum ber að setja sér samkvæmt verklagsreglum um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda. Í ljós kom samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjórunum að enginn leikskólanna hafði sett sér ákveðnar verklagsreglur og var því ekki mögulegt að bera verklagsreglur leikskólanna saman. Rannsóknin byggir því aðeins á meginlegri rannsóknaraðferð.

Meginlegar rannsóknaraðferðir byggja á því að mæla meðaltöl á dreifingu innan hópa sem síðan er hægt að bera saman. Í meginlegum rannsóknum er unnið með breytur en það eru stærðir eða eiginleikar sem eru breytilegar frá einu fyrirbæri til annars. Rannsóknargögnin eru mælanlegar breytur og snúast að mestu um magn og tíðni og hversu mikill munur er á breytunum. Hægt er að mæla þær með tölfræðilegum aðferðum og flokka þær niður til dæmis í aldur og kyn (Neuman, 2006).

Þegar rannsóknir eru gerðar skiptir trúverðugleiki og gæði miklu máli og því þarf að hafa innra og ytra réttmæti í huga. Með innra réttmæti er átt við hversu vel svörin sem fást úr rannsókninni svara þeim spurningum sem rannsakendur leitast eftir að svara. Með ytra réttmæti er átt við hvort hægt sé að afhæfa niðurstöðurnar sem fást yfir á þýðið (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Þýði má lýsa sem heildarmengi til dæmis er þýði þessarar rannsóknar allir starfsmenn leikskóla á Íslandi. Úrtak er hlutmengi af þýðinu og eru starfsmenn leikskólanna sex úrtakið hér. Sýna má fram á bæði með tölfræðilegum rökum og reynslurökum, að uppfylli úrtakið ákveðin skilyrði varðandi stærð og hvernig það er tekið, getur það gefið nákvæma mynd af þýðinu. Gildir þetta ef úrtakið nær ákveðinni lágmarksstærð, þó það sé aðeins lítið brot af þýðinu. Brottfall getur valdið kerfisbundinni skekkju og leitt til villandi niðurstaðna. Léleg svörun getur gert rannsóknir marklausar og því er mikilvægt að reyna að ná sem mestri svörun (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003).

2.6 Val á þátttakendum

Eins og fram hefur komið er þýði þessarar rannsóknar allir starfsmenn á leikskólum héraðs. Því þurfti að velja ákveðna leikskóla. Valdir voru sex leikskólar á þremur mismunandi stöðum á landinu, tveir leikskólar á hverjum stað. Til að fá yfirsýn yfir landsbyggðina voru valin tvö sveitarfélög úti á landi, landbúnaðarhérað annars vegar og sjávarpláss hinsvegar. Til að fá yfirsýn yfir höfuðborgarsvæðið líka, var valinn sá staður sem hentugastur þótti. Töldu rannsakendur að þetta gæfi besta mynd af landinu í heild. Þar sem verið var að rannsaka viðhorf starfsmanna leikskóla og þekkingu á verklagsreglunum þótti rannsakendum ekki skipta máli fjöldi starfsmanna á hverjum stað heldur var áherslan frekar lögð á að finna sex leikskóla á þremur mismunandi stöðum á landinu til að fá sem bestan þverskurð af leikskólastarfsmönnum héraðs. Þó varð svo úr að svipaður fjöldi starfsmanna á hverjum stað fyrir sig svaraði spurningalistunum og töldu rannsakendur það gera niðurstöður starfsmannanna sambærilega milli leikskólanna.

2.7 Framkvæmd rannsóknarinnar


Í megindelegum rannsóknum er hægt að notast við spurningalista við gagnaöflun og ákváðu rannsakendur að styðjast við spurningalista sem gerði þeim kleift að nálgast þær upplýsingar sem á þarf að halda á sem skemmstum tíma. Spurningalistinn var hannaður með hliðsjón af verklagsreglum um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda. Markmiðið með spurningalistanum var að fá þau svör fram sem rannsakendur leitast eftir að svara. Þar á meðal var spurt um viðhorf, þekkingu og reynslu starfsmanna leikskólans til þessara verklagsreglna í spurningalistanum. Spurningalistanum var skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn sneri að almennum upplýsingum þar sem spurt var um kyn, aldur, menntun, starfsaldur og starfsheiti. Síðari hlutinn snéri að viðhorfi starfsmannanna til verklagsreglnanna og reynslu þeirra af tilkynningum.

Haft var samband við fræðsluskrifstofur sveitarfélaganna þriggja með því að senda bréf þar sem rannsóknin var kynnt og óskað eftir leyfi til að leggja spurningarlista fyrir alla starfsmenn viðkomandi leikskóla (fylgiskjal 1). Bréfinu var svo fylgt eftir með símtali frá rannsakendum. Vilyrði fékkst frá öllum sveitarfélögum um þátttöku leikskólanna. Spurningalistarnir voru því næst sendir eða afhentir á leikskólana sex og óskað eftir því við leikskólastjóra að spurningalistarnir yrðu endursendir eða væru tilbúnir til afhendingar um það bil viku síðar (fylgiskjal 2). Í upphafi spurningalistans var rannsóknin kynnt og óskað eftir að viðkomandi svaraði spurningalistanum, en starfsmönnum bar ekki skylda til að svara. Eftir að hafa svarað spurningalistanum átti að setja hann í umslag. Umslögum var safnað í kassa sem rannsakendur fengu sendan til baka eða afhentan. Við skráningu og úrvinnslu gagnanna var notast við *Excel* tölfraeðiforrit og einnig voru myndirnar unnar í *Excel*. Til þess að gefa betri sýn á niðurstöðurnar þá voru þær einnig settar fram myndrænt með súluritum.

Þegar notast er við upplýsingar sem fengnar eru með þessum hætti og varða einstaklinga þarf að gæta trúnaðar. Rannsóknin var því tilkynnt til Persónuverndar í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Við meðferð gagnanna var gætt að almennum reglum um trúnað, áreiðanleika, öryggi og innra eftirlits. Í niðurstöðum er tryggt að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til einstaklinga eða leikskóla.


3 Niðurstöður

Til að gæta trúnaðar eru sveitarfélögin sem um ræðir í þessari rannsókn og leikskólar þeirra kóðaðir. Þeir bera því ekki sín réttu nöfn. Sveitarfélögin munu því bera nöfnin Ásstaður, Blómastaður og Hólsstaður. Leikskólar Ásstaðar bera nöfnin Freyjuás og Óðinsás. Leikskólar Blómastaðar nefnast Blálilja og Bláklukka og leikskólar Hólsstaðar eru Dvergahóll og Tröllahóll.




Mynd 1. Svarhlutfall

Leikskólar Ásstaðar, Freyjuás og Óðinsás, hafa samtals 27 starfsmenn. Starfsmenn leikskólanna tveggja á Blómastað, Blálilju og Bláklukku eru 33. Á leikskólum Hólsstaðar, Dvergahóls og Tröllahóls starfa 57 starfsmenn. Heildarfjöldi starfsmanna sem um ræðir í þessari rannsókn eru 117 og af þeim svöruðu 78 sem er 67 % svarhlutfall. Af þeim eru 76 konur og tveir karlar.



Mynd 2 Starfsaldur

Lífaldur




Mynd 3 Lífaldur

Á leikskólum Ásstaðar, Óðinsási og Freyjuási svöruðu 26 spurningarlistanum sem er 96% svörun. 11 af þessum 26 sem svöruðu voru menntaðir leikskólakennarar. Starfsmennirnir voru allt konur og flestar á aldrinum 31 til 40 ára og 41 til 50 ára en hvor aldursflokkurinn um sig taldi níu starfsmenn. Algengast var að þær hefðu starfsaldurinn 11 ár eða lengur eða 13 af þeim 26 sem svöruðu eða helmingur þeirra.

Á leikskólum Blómastaðar, Blálilju og Bláklukku, svöruðu 25 starfsmenn spurningalistanum sem er 76 % svörun. Þetta eru einnig allt konur. Fjórar höfðu menntun leikskólakennara. Flestir starfsmannanna voru á aldrinum 41 til 50 ára og var algengasti starfsaldur þeirra einnig 11 ár eða lengur.

Flestir starfsmenn í þessari rannsókn starfa hjá leikskólunum tveimur á Hólsstað, Dvergahól og Tröllahól eða 57 starfsmenn. Á Hólsstað var minnsta svörunin eða 47 %, samtals 27 starfsmenn sem svara, þar af 25 konur og tveir karlar. Af þeim sem svöruðu voru flestir á aldrinum 41 til 50 ára. Hér var starfsaldurinn einnig lægstur, flestir höfðu starfað í tvö til fimm ár. Leikskólakennaramenntaðir einstaklingar voru 13 af þeim 27 sem svöruðu.

Menntun



Mynd 4. Menntun starfsmanna


Menntun þeirra sem tóku þátt í rannsókninni var af misjöfnum toga. Flestir þeirra höfðu háskólapróf eða 35 starfsmenn. Af þessum 35 starfsmönnum voru 28 þeirra með leikskólakennaramenntun. Þar á eftir voru flestir með grunnskólapróf eða 27 starfsmenn. Meðal annarra háskólamenntunar var til dæmis þroskaþjálfar og grunnskólakennarar. Átta starfsmenn fyrir utan þá sem lokið hafa háskólaprófi höfðu lokið stúdentsprófi og sjö starfsmenn höfðu lokið námi leikskólaliða. Í einu tilfelli gaf starfsmaður ekki upp menntun.

Af þeim 19 deildastjórum sem starfa á öllum leikskólunum svöruðu 17 spurningarlistanum og þar af eru 10 menntaðir leikskólakennarar, einn menntaður grunnskólakennari og einn hafði aðra háskólamenntun. Leikskólastjórar leikskólanna svöruðu allir og einnig svöruðu tveir aðstoðarleikskólastjórar. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðum leikskólanna var hægt að finna út hversu margir deildarstjórar unnu á hverjum leikskóla. Starfsmenn voru beðnir um að merkja við starfsheiti sitt og þannig var hægt að sjá hvort viðkomandi var leikskólastjóri, deildarstjóri, almennur starfsmaður eða annað þar af leiðandi var hægt að sjá hverjir og hversu margir deildarstjórar svöruðu.

3.1 Grunur og tilkynningarskylda

Eins og áður hefur komið fram ber starfsmönnum leikskóla sérstök skylda samkvæmt barnaverndarlögum að tilkynna til barnaverndarnefnda ef grunur leikur á að barn hafi verið beitt ofbeldi, vanrækt eða stofnað heilsu sinni eða þroska í hættu. Samkvæmt lögum er sérstaklega tekið fram að starfsfólkinu beri að tilkynna grun sinn en ekki einungis það sem

þeir telji sig hafa haldbærar sannanir á. Kannað var hvort vaknað hefði grunur meðal starfsmannanna.




Mynd 5. Hefur vaknað grunur hjá þér um að barn á leikskólanum hafi verið beitt ofbeldi, vanrækt eða stofnað heilsu sinni eða þroska í hættu?

Á mynd fimm má sjá hversu mörgum starfsmönnum leikskólanna hafði vaknað grunur um að barn hafi verið beitt ofbeldi, vanrækt eða stefnt heilsu sinni eða þroska í hættu. Samtals hafði grunur vaknað hjá 37 starfsmönnum leikskólanna af þeim 78 sem svöruðu. Þar af voru 17 starfsmenn sem grunur hafði vaknað hjá einu sinni en oft hjá 20 starfsmönnum. Af þeim 37 starfsmönnum sem grunur hafði vaknað hjá voru 22 leikskólakennarar. Þannig að hjá 22 af 28 leikskólakennurum sem tóku þátt í rannsókninni hafði grunur vaknað.

Á Ásstöðum hafði vaknað grunur einu sinni hjá 12 starfsmönnum og hjá sjö starfsmönnum hafði grunur vaknað oft en einu sinni. Einnig voru það sjö starfsmenn sem aldrei hafði vaknað grunur hjá. Á Blómastöðum hafði grunur vaknað einu sinni hjá þremur starfsmönnum og einnig hafði vaknað grunur oft hjá þremur starfsmönnum. Þeir starfsmenn sem grunur hafði aldrei vaknað hjá á Blómastöðum um að barn væri beitt ofbeldi, það vanrækt eða stefnt heilsu sinni og þroska í hættu voru 16 talsins. Þá voru einnig þrjú starfsmenn Blómastaða sem sögðust ekki muna eftir því hvort grunur hafi vaknað hjá þeim. Á Hólsstöðum hafði grunur vaknað hjá tveimur starfsmönnum einu sinni og hjá tíu


starfsmönnum hafði grunur vaknað oftar. Hins vegar voru 13 starfsmenn Hólsstaða sem sögðu að grunur hefði aldrei vaknað hjá þeim og tveir sögðust ekki muna til þess að grunur hefði vaknað hjá þeim um að barn væri beitt ofbeldi, vanrækt eða stefnt heilsu sinni eða þroska hættu.

Kannað var hvort starfsmenn leikskólanna vissu að samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaganna gengur tilkynningarskyldan framfar ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfstétta.




Mynd 6. Vissir þú að samkvæmt 17. gr. barnaverndarlagana nr. 80/2002 gengur tilkynningarskyldan framfar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfstétta?

Flestir starfsmenn allra leikskólanna gerðu sér grein fyrir þessu eða um 68 %. Þó voru um 28 % starfsmannanna sem ekki höfðu gert sér grein fyrir þessu. Tæplega 4 % starfsmannanna svöruðu ekki þessari spurningu.



Mynd 7. Tilkynntir þú grun þinn?

Af þeim 37 sem grunur hafði vaknað hjá að barn hafi verið beitt ofbeldi, vanrækt eða stefnt heilsu sinni og þroska í hættu tilkynntu flestir eins og sjá má á mynd sjö eða samtals 33 starfsmenn. Á Ásstöðum sögðust sjö starfsmenn hafa tilkynnt í öll skiptin, níu einu sinni og tveir sem ekki tilkynntu. Allir starfsmenn Blómastaða sem grunur hafði vaknað hjá, tilkynntu grun sinn og allir nema einn starfsmaður Hólsstaða, tilkynntu grun sinn. Athugað var hverjum starfsmennirnir tilkynntu grun sinn.




Mynd 8. Hverjum tilkynntir þú grun þinn?

Eins og sjá má á mynd 8 tilkynna langflestir til leikskólastjóra og þar á eftir til deildarstjóra. Í nokkrum tilvikum merktu starfsmenn við fleiri en einn möguleika eins og leikskólastjóra og barnavernd og leikskólastjóra og deildarstjóra. Leikskólastjórarnir sögðust allir tilkynna til barnaverndarnefndar. Í tilvikunum tveimur sem merkt var við annar, svaraði einn starfsmaður að hann hafi tilkynnt foreldrum og hinn gaf ekki upp hverjum. Ekki var spurt um hvort starfsmenn sem tilkynnt höfðu grun sinn til leikskólastjóra vissu hvort tilkynningin hafi farið áfram til barnaverndar.

3.2 Verklagsreglur


Eins og fram hefur komið hafa verið settar verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda. Kannað var hvort starfsmenn hefðu orðið varir við þessar reglur.



Mynd 9. Verklagsreglur um tilkynningarskyldu fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda litu dagsins ljós árið 2006. Varðst þú vör/var við þessar nýju verklagsreglur?

Á Ásstöðum höfðu verklagsreglurnar verið kynntar fyrir tíu starfsmönnum, tíu starfsmenn sögðust ekki hafa starfað á leikskólanum þegar þessar verklagsreglur tóku gildi og þar af leiðandi ekki orðið varir við þær. Sex starfsmenn sögðust ekki hafa orðið varir við verklagsreglurnar en engu að síður starfað á leikskólanum þegar þær litu dagsins ljós en þær hafi ekki verið kynntar fyrir þeim. Á Blómastöðum voru reglurnar einnig kynntar fyrir tíu starfsmönnum, þá voru þrír starfsmenn sem sögðust hafa orðið varir við verklagsreglurnar, en þær hafi ekki verið kynntar fyrir þeim. Átta starfsmenn störfuðu ekki á leikskólanum þegar reglurnar tóku gildi og þrír starfsmenn segjast ekki hafa orðið varir við þær en þeir hafi starfað á leikskólanum en reglurnar hafi ekki verið kynntar fyrir þeim. Á Hólstöðum skiptist þetta frekar jafnt á meðal þeirra sem svöruðu. Samtals 18 starfsmenn sögðust hafa orðið varir við verklagsreglurnar, átta starfsmenn segja að þær hafi verið kynntar fyrir þeim og átta segja að þær hafi ekki verið kynnar fyrir þeim. Átta starfsmenn segjast ekki hafa starfað á leikskólanum þegar verklagsreglurnar tóku gildi. Þrír starfsmenn Hólsstaða sögðust hafa unnið á leikskólanum þegar reglurnar tóku gildi en verklagsreglurnar hafi ekki verið kynntar fyrir þeim. Þá var einn starfsmaður á Blómastöðum og einn starfsmaður á Hólstöðum sem svöruðu ekki spurningunni.

Til að fá yfirsýn yfir hvort verklagsreglurnar hafi breytt einhverju fyrir starfsmenn leikskólanna var kannað hvort viðhorf þeirra til tilkynningarskyldunnar hafi breyst með tilkomu verklagsreglnanna.




Mynd 10. Hefur viðhorf þitt til tilkynningarskyldunnar breyst með tilkomu verklagsreglnanna fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda?

Á Ásstöðum segja flestir að verklagsreglurnar auðveldi þeim að gera sér betur grein fyrir því hvernig tilkynningarferlið virki og hvenær þeir eigi að tilkynna. Þá segja sex starfsmenn að tilkynningarskyldan hafi ekkert vafist fyrir þeim hvorki fyrir né eftir tilkomu verklagsreglnanna. Fjórir starfsmenn segjast ekki hafa vitað af reglunum. Einungis tveir segjast ennþá eiga erfitt með að framfylgja lögum um tilkynningarskylduna. Þá er einn starfsmaður Ásstaða sem svarar að viðhorf hans hafi breyst eftir tilkomu reglnanna og að honum finnst flóknara að gera sér grein fyrir því hvernig hann eigi að fylgja tilkynningarskyldu sinni eftir. Á Blómastöðum voru átta starfsmenn sem vissu ekki af verklagsreglunum, sex sem töldu verklagsreglurnar auðvelda þeim að gera sér betur grein fyrir hvernig tilkynningaferlið virkar og hvenær þeir eigi að tilkynna. Fjórum starfsmönnum fannst enn erfitt að framfylgja lögum um tilkynningarskyldu og fyrir þremur starfsmönnum Blómastaða hefur tilkynningarskyldan ekkert vafist fyrir þeim, hvorki fyrir né eftir tilkomu

verklagsreglnanna. Á Hólsstöðum sögðu einungis þrír starfsmenn að verklagsreglurnar auðveldi þeim að gera sér betur grein fyrir því hvernig tilkynningarferlið virki og hvenær þeir eigi að tilkynna en hinsvegar segja níu starfsmenn að viðhorf þeirra hafi ekkert breyst, tilkynningarskyldan hafi ekkert vafist fyrir þeim hvorki fyrir eða eftir tilkomu verklagsreglnanna. Þá voru tíu starfsmenn Hólsstaða sem ekki vissu af reglunum og einn starfsmaður sem kvaðst enn eiga erfitt með að framfylgja lögum um tilkynningarskylduna. Enn fremur var einn starfsmaður sem svaraði því til að honum finnst flóknara eftir að verklagsreglurnar komu fram að gera sér grein fyrir því hvernig hann eigi að fylgja tilkynningarskyldu sinni eftir. Þá voru þrír starfsmenn á Hólsstöðum sem svöruðu ekki spurningunni.


Einnig var spurt að því hvort verklagsreglurnar hafi breytt afstöðu starfsmanna um að tilkynna?



Mynd 11. Hafa verklagsreglur um tilkynningarskyldu fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda breytt afstöðu þinni um að tilkynna?

Hjá öllum sveitarfélögum svöruðu flestir því að verklagsreglurnar breyttu ekki afstöðu þeirra um að tilkynna eða 15 starfsmenn á Ásstöðum, 16 á Blómastöðum og 19 á Hólsstöðum. Á Ásstöðum fannst tveimur starfsmönnum verklagsferlið enn vera flókið, þrír starfsmenn svöruðu því sama á Blómastöðum og fjórir á Hólsstöðum. Á Ásstöðum fannst níu starfsmönnum verklagsferlið mun skýrara með tilkomu verklagsreglnanna en einungis einum á Blómastöðum og tveimur á Hólsstöðum.


Kannað var hvort kynning á verklagsreglunum og/eða tilkynningarskyldunni væri fastur liður þegar nýir starfsmenn koma til starfa.



Mynd 12. Er kynning á verklagsreglum og/eða tilkynningarskyldu fastur liður þegar nýir starfsmenn koma til starfa?


Á Ásstöðum segja tveir starfsmenn að kynning á báðum þáttum sé fastur liður, tveir starfsmenn segja að kynning á tilkynningarskyldunni sé fastur liður, níu segja nei og 13 segjast ekki vita það. Á Blómastöðum segja fjórir starfsmenn að kynning sé á báðum þáttum, sjö segja á tilkynningarskyldunni, einn á verklagsreglunum, 11 segja nei, sjö starfsmenn segjast ekki vita það og tveir svara ekki. Á Hólsstöðum segja hins vegar sjö að kynning á verklagsreglunum og/eða tilkynningarskyldunni sé fastur liður þegar nýir starfsmenn koma til starfa, einn segir að kynning sé á verklagsreglunum og einn á tilkynningarskyldunni. Þá segja níu starfsmenn Hólsstaða nei og níu starfsmenn segjast ekki vita það.

Einnig var spurt hverju starfsmenn færu eftir þegar þeir tilkynntu grun sinn.




Mynd 13. Eftir hverju fórst þú þegar þú tilkynntir grun þinn?

Á öllum leikskólunum sex svöruðu flestir starfsmenn sem höfðu tilkynnt grun sinn um að barn hafi verið beitt ofbeldi, vanrækt eða stefnt heilsu sinni og þroska í hættu að þeir hefðu farið eftir eign sannfæringu eða samtals 16 talsins. Sjö starfsmenn sögðust fara eftir verklagsreglum sem leikskólinn hafi sett sér varðandi barnaverndarmál. Einungis fimm starfsmenn allra leikskólanna sex svöruðu að þeir færu eftir verklagsreglum um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hins vegar voru þrjú starfsmenn sem krossuðu bæði í verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla og eigin sannfæringu og einn starfsmaður sem krossaði bæði í verklagsreglur sem leikskólinn hefur sett sér og eigin sannfæringu. Í heildina eru því átta starfsmenn leikskólanna sex af þeim 20 starfsmönnum sem tilkynnt höfðu eftir tilkomu verklagsreglnanna um grun sinn nýtt sér þær. Einn starfsmaður leikskólanna svaraði ekki spurningunni.



Mynd 14. Tilkynntir þú grun þinn fyrir tilkomu verklagsreglnanna eða eftir tilkomu þeirra?


Flestir sem tilkynntu grun sinn höfðu gert það fyrir tilkomu verklagsreglnanna eða 13 af þeim 33 starfsmönnum sem tilkynntu. Níu höfðu tilkynnt eftir tilkomu verklagsreglnanna og 11 starfsmenn bæði fyrir og eftir tilkomu þeirra. Þeir 11 sem svöruðu bæði voru beðnir um að svara hvort þeim fyndist vera einhver munur á verklagsferlinu fyrir og eftir tilkomu verklagsreglnanna.



Mynd 15. *Finnst þér einhver munur hafa verið á verklagsferlinu fyrir og eftir tilkomu verklagsreglnanna um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda?*

Af þeim 11 starfsmönnum leikskólanna sex sem svöruðu bæði sögðust fimm hafa nýtt sér verklagsreglurnar og fannst betra að styðjast við þær, fjórir sögðust hins vegar ekki hafa stuðst við þessar reglur og tveir sögðust finna fyrir mun eftir tilkomu verklagsreglnanna en höfðu samt ekki nýtt sér reglurnar.

Samkvæmt verklagsreglunum á hver skóli að hafa ákveðið verklag um hvernig tilkynnt er til barnaverndarnefndar og hver gerir það. Því var athugað hvort leikskólarnir hafi komið sér upp ákveðnum verklagsreglum um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda fyrir starfsmenn að fylgja eftir.



Mynd 16. Hefur leikskólinn sett sér verklagsreglur um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda fyrir starfsmenn að fylgja eftir?

Flestir starfsmenn leikskólanna sex sögðust ekki vita hvort ákveðnar verklagsreglur væru til á leikskólanum eða 43,59 % af þeim sem svöruðu og 28,21 % sögðu nei. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjórum leikskólanna hafði enginn af leikskólunum sett sér ákveðnar verklagsreglur. Hins vegar svöruðu nokkrir starfsmenn á leikskólunum að þær væru til og vissu jafnvel hvar þær væri að finna.

Að lokum var spurt hvort starfsmenn hefðu tillögur að úrbótum til að auðvelda starfsmönnum leikskóla ferlið við að tilkynna til barnaverndarnefnda. Af þeim 78 sem svöruðu voru einungis átta starfsmenn sem höfðu einhverskonar tillögur. Þessar tillögur voru að barnavernd kæmi reglulega inn á leikskóla og kynnti verklagsreglur og svaraði spurningum, hafa verklagsreglur sýnilegar á kaffistofunni alla daga og þær séu aðgengilegar fyrir starfsmenn, gott sérherbergi með síma til að tilkynna og ræða saman, að kynna tilkynningarskylduna og verklagið reglulega fyrir starfsfólki á starfsmannafundum, kynna verklagsreglurnar betur fyrir starfsmönnum, viðhalda kynningu reglulega, í starfsmannahandbókinni við þjálfun nýrra starfsmanna ætti að vera stutt kynning, að hafa þetta betur upp á yfirborði sérhvers leikskóla þannig að allir séu meðvitaðir um hvernig og hvenær beri að tilkynna og fræða starfsmenn betur um þessi lög.

Nokkrir starfsmenn svöruðu að þeir hefðu ekki kynnt sér tilkynningarskylduna og verklagsreglurnar nógu vel til að hafa tillögur. Síðan var einn sem svaraði að hann hefði ekki tillögur en honum fyndist þurfa að koma á meiri samvinnu milli „þessara“ aðila. Að hlutverk starfsmanna leikskóla sé ekki einungis að tilkynna og fá svo ekkert að vita meir. Það sé ekki samvinna. Á heildina litið er það kynning á verklagsreglunum sem flestum finnst vanta upp á.

Það vakti athygli rannsakenda að enginn starfsmaður kom með tillögu um að efla fræðslu á ofbeldi og vanrækslu líkt og nemarannsóknirnar sem gerðar hafa verið héraðs og ræddar voru í kafla 1.5, hafa bent til að þörf sé á. Það getur þó mögulega verið vegna þeirra áherslu sem rannsakendur setja á verklagsreglurnar sjálfar í þessari rannsókn.

4 Umræður

Í þessum kafla eru helstu niðurstöður dregnar saman og fjallað um þær í samhengi við fræðilega umfjöllun. Einnig er hér fjallað almennt um rannsóknina sem og styrkleika hennar og veikleika.

Rannsóknin var framkvæmd með megindegum hætti og gögnum aflað með því að senda spurningarlista á sex leikskóla. Þátttaka í rannsókninni var almennt góð en svarhlutfall var 67 %. Menntun þátttakenda skiptist fremur jafnt á milli þess að vera einungis með grunnskólapróf eða háskólamenntun. Samtals 44,87 % þátttakenda höfðu háskólamenntun, flestir leikskólakennaramenntaðir eða 35,9 %. Þeir sem höfðu einungis grunnskólamenntun voru 34,62 % þátttakenda. Þá voru 8,97 % þátttakenda sem sögðust hafa aðra menntun. Algengasti starfsaldur þátttakenda var 11 ár eða lengur eða 38,46%. Þar af eru 18 leikskólakennarar af 28 með 11 ára starfsaldur. Næst algengast var tvö til fimm ár, samtals 26,92 % þátttakenda. Hins vegar var ekki langt á milli tveggja til fimm ára og sex til tíu ára, en 24,36 % þátttakenda höfðu starfsaldurinn sex til tíu ár. Fæstir þátttakendur höfðu starfsaldurinn eitt ár eða skemur eða samtals 10,26 % þátttakenda.

Einn af veikleikum rannsóknarinnar gæti verið mögulegur misskilningur þátttakenda sem svara spurningu 12 varðandi það hvort leikskólarnir hafi komið sér upp ákveðnum verklagreglum, en 24,36 % starfsmanna svöruðu að svo væri þrátt fyrir að leikskólarnir hefðu ekki komið sér upp ákveðnum verklagreglum um tilkynningarskyldu, samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjórum. Þeir starfsmenn geta mögulega verið að rugla saman við verklagsreglurnar um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla sem einnig er spurt um í rannsókninni og haldið að þær væru verklagsreglurnar sem leikskólinn hefur sett sér. Annar veikleiki er hversu fáir á leikskólum Hólsstað svöruðu en þar var einungis 47 % svarhlutfall. Þó er líka hægt að líta á þetta sem styrkleika því að svarhutfallið gerði það að verkum að svipaður starfsmannafjöldi á hverjum stað fyrir sig svaraði spurningalistanum sem gerði rannsakendum kleift að bera saman staðina út frá starfsmönnunum. Hins vegar var svarhlutfall Ásstaða mjög gott eða 96 %. Svarhlutfall í heildina var 67 % sem er ágætis svarhlutfall og eykur styrkleika rannsóknarinnar. Innra réttmæti rannsóknarinnar er einnig styrkleiki þar sem hægt er að svara þeim spurningum sem rannsakendur leitast eftir í tilfelli þeirra spurninga sem snúa að verklagsreglunum um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla. Innra réttmæti er hins vegar

ekki til staðar í tilfelli þeirra spurninga sem snúa að sérstöku verklagsreglunum sem leikskólunum bar að setja sér vegna þess að slíkar reglur voru ekki til.

4.1 Grunur og tilkynningar

Kennarar og starfsmenn skólastofnanna eru þeir aðilar sem hafa hvað mestan aðgang að barninu í daglegu lífi. Þeir umgangast barnið nánast átta tíma á dag, fimm daga vikunnar. Þeir eru því í góðri stöðu til að gera sér grein fyrir breytingum á hegðun þess og geta fylgst með uppeldisskilyrðum barnsins (Nanna Kristín Christiansen, 2010).

Á þeim sem starfa með börnum hvílir sérstök lögbundin tilkynningarskylda sem mikilvægt er að þeir fylgi til að verja hagsmuni barnsins (Barnaverndarlög).

Í einni af þeim rannsóknum sem fjallað var um hér að ofan kemur fram að starfsmenn leikskóla eru í góðri aðstöðu til að gera sér grein fyrir þeim einkennum sem koma fram hjá barni sem mögulega býr við óviðunandi uppeldisskilyrði (Sundell, 1997).

Af þeim 78 starfsmönnum sem svöruðu rannsókninni hafði vaknað grunur hjá 37 þeirra um að barn byggji við óviðunandi uppeldisaðstæður, yrði fyrir áreitni eða ofbeldi, eða stefndi heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Töliverður munur var á milli sveitarfélaga hvort grunur hafi vaknað hjá starfsmönnum. Starfsmönnum Ásstaða sem grunur hafði vaknað hjá einu sinni eða oftari voru 19, þá sem ekki hafði grunað voru sjö. Á Hólsstöðum var þessu nokkurn veginn jafnt skipt þar sem að grunur hafði vaknað hjá 12 starfsmönnum en hins vegar hafði aldrei vaknað grunur hjá 13 starfsmönnum. Á Blómastöðum hafði grunur vaknað hjá sex starfsmönnum en grunur hafði aldrei vaknað hjá 16 starfsmönnum. Af þeim 37 starfsmönnum sem grunur hafði vaknað hjá tilkynntu 33 þeirra grun sinn. Þetta eru afar jákvæðar niðurstöður og sýna að starfsmenn eru líklegir til að tilkynna ef grunur vaknar hjá þeim. Allir þeir starfsmenn sem grunur hafði vaknað hjá á Blómastöðum tilkynntu grun sinn. Á Ásstöðum tilkynntu tveir starfsmenn af 19 ekki um grun sinn. Á Hólsstöðum tilkynntu allir grun sinn nema einn. Það kom rannsakendum á óvart að grunur hafði aðeins vaknað hjá um helmingi starfsmanna. Sérstaklega í ljósi þess að meðal starfsreynsla starfsmannanna var 11 ár eða lengur og höfðu því margir starfsmenn starfað með börnum í töliverðan tíma. Þó gladdi það rannsakendur að sjá að af 28 leikskólakennurum sem tóku þátt í rannsókninni hafði grunur vaknað hjá 22 af þeim. Spurning vaknaði hjá rannsakendum um hvort leikskólastarfsmenn sérstaklega, almennir starfsmenn, hefðu þá ekki næga þekkingu á

ofbeldi og vanrækslu til að grunur geti vaknað. Það er í samræmi við þær nemarannsóknir sem gerðar hafa verið hérlendis en þær sýna að starfsmenn eru illa upplýstir um einkenni ofbeldis og vanrækslu á börnum (Sandra Anne Marie Vachon, 2007; Anna Egilsdóttir og Elsa Rut Róbertsdóttir, 2010). Þó gera rannsakendur sér grein fyrir því að ekki er ástæða til þess að alla starfsmenn þurfi að gruna að barn búi við óviðunandi aðstæður, beitt ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Fáar tilkynningar frá leikskólum samanborið við tilkynningar frá grunnskólum vekja þó upp spurningar um hver ástæðan geti verið að baki mismunarins á milli fjölda tilkynninga frá leikskólum á móti fjölda tilkynninga frá grunnskólum.

Í þessari rannsókn líkt og í nemarannsóknunum eru lang flestir með starfsaldurinn 11 ár eða lengur eins og fram hefur komið. Menntunarstig í þessari rannsókn er sambærilegt því menntunarstigi sem var að finna í annarri nemarannsókninni. Starfsmenn sem höfðu háskólamenntun voru tæplega 45 % í þessari rannsókn á móti 44 % í annarri rannsókninni. Í hinni nemarannsókninni var um að ræða mun hærra hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna eða 76 %. Þó var áhugavert að sjá að það voru mun fleiri sem tilkynntu grun sinn í þessar rannsókn en 90 % af þeim sem vaknað hafði grunur hjá tilkynntu þann grun sinn en 25 % í annarri nemarannsókninni og 22 % í hinni sem hafði tilkynnt grun sinn (Sandra Anne Marie Vachon, 2007; Anna Egilsdóttir og Elsa Rut Róbertsdóttir, 2010).

Á hverju ári eru á milli eitt og tvö prósent af heildartilkynningum sem berast til barnaverndarnefnda frá leikskólum eða gæsluforeldum. Því er ljóst að um 98 % heildartilkynninga sem berast barnaverndarnefndum árlega eru vegna barna sem náð hafa grunnskólaaldri. Þetta bendir annað hvort til að vandamál barna og fjölskyldna hefjist í flestum tilvikum við grunnskólaaldur eða að færri tilkynningar berist frá leikskólum en grunnskólum af einhverjum öðrum ástæðum. Stærsti flokkur tilkynninga hérlendis er áhættuhegðun barns. Rannsakendum finnst ólíklegt að leikskólabörn séu tilkynnt í þessum flokki sérstaklega þar sem stærsti einstaki þátturinn innan áhættuhegðunar sem tilkynntur er tekur til afbrota barna. Hér þarf þó heldur ekki að vera um að ræða grunnskólabörn heldur er möguleiki að einhver hluti af þessum hópi tilheyri framhaldsskólanemendum eða einfaldlega börn sem hafa lokið grunnskóla en ekki hafið nám við framhaldsskóla. Hversu fáar tilkynningar frá leikskólum eru, er þó ekki hægt að réttlæta á þennan máta sérstaklega í ljósi þess að vanræksla er næst stærsti flokkur tilkynninga sem berast barnaverndarnefndum.

Undir þennan flokk falla börn á leikskóla (Barnaverndarstofa, 2011). Rannsakendum finnst ekki raunhæft að svo geti verið að vanræksla á börnum hefjist þegar börnin fari í grunnskóla en eigi sér ekki stað á meðan þau eru á leikskólaaldri. Mögulega gæti munurinn á því hversu fáar tilkynningar berast frá leikskólum á móti fjölda tilkynninga sem berast frá grunnskólum legið í nánu sambandi foreldra við starfsfólk leikskólanna (Sundell, 1997). Foreldrarnir hitta starfsmennina tvisvar á dag alla virka daga vikunnar og reynsla rannsakenda sem báðir hafa starfað á leikskólum hefur sýnt að foreldrarnir deila oft á tíðum með þeim nánnum upplýsingum um daglegt líf sitt. Þær nemanrannsóknir sem framkvæmdar voru hérlendis studdu einnig þessa tilgátu þar sem fram kom að flestum starfsmönnum fannst að ef þeir tilkynntu þá hefði það áhrif á samskipti sín við foreldra. Þó er það umdeilanlegt hvaða áhrif tilkynningarnar hafa á sambandið við foreldrana. Erlend rannsókn leiddi það meðal annars í ljós að 72 % foreldra töldu tilkynningu til barnaverndar ekki hafa áhrif á samband sitt við heilbrigðisstarfsmann eða treystu honum jafnvel betur í kjölfarið (Krisann M. Alvarez og fl., 2005). Þetta er þáttur sem mikilvægt getur verið að rannsaka og skoða enn frekar. Mikilvægt er að reyna að vinna á þeim þáttum sem geta hindrað starfsmenn til að framfylgja tilkynningarskyldu sinni. Þá ber einna helst að nefna óöryggi starfsmanna gagnvart tilkynningarferlinu sjálfu (Cocozza o.fl, 2006; Kenny, 2001). Skýrt og einfalt tilkynningarferli sem allir hafa vitneskju um hvernig virkar getur aukið öryggi starfsmanna við að tilkynna og einnig gagnvart foreldrunum sem þá vita hvernig ferlið gengur fyrir sig. Annar þáttur sem getur reynst mikilvægt að vinna með til að starfsmenn geti uppfyllt tilkynningarskyldu sína er vanþekking starfsmanna á ofbeldi og vanrækslu (Sandra Anne Marie Vachon, 2007; Anna Egilsdóttir og Elsa Rut Róbertsdóttir, 2010). Aukin þekking getur aukið öryggi starfsmannanna til þess að tilkynna.

Til að þær verklagsreglur, sem samdar hafa verið um tilkynningarskyldu starfsmanna til barnaverndar, komi að notum þurfa starfsmenn leikskóla fyrst og fremst að hafa vitneskju um að á þeim hvíli tilkynningarskylda. Einnig þurfa þeir að gera sér grein fyrir að tilkynningarskyldan nái frammar öðrum ákvæðum laga og siðareglna starfsstétta. Það kom hins vegar í ljós í rannsókninni að um það bil 28 % svarenda í rannsókninni sögðust ekki hafa vitað að samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaganna gengi tilkynningarskyldan frammar ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Þetta bendir til að kynning á tilkynningarskyldu starfsmannanna sé ábótavant. Starfsmönnum ber skylda samkvæmt barnaverndarlögum að tilkynna ef grunur vaknar um að barn hafi verið beitt ofbeldi, vanrækt

eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Einnig er mikilvægt að skoða upplýsingagjöf til starfsmanna leikskóla í ljósi þeirra refsíákvæða sem kveðið er á um í barnaverndarlögum, það getur varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef ekki er tilkynnt. Í ljósi þeirra refsíákvæði sem gilda er enn mikilvægar að starfsmenn geti sinnt skyldu sinni gagnvart lögum.

Einn þáttur sem eflaust væri mikilvægt að skoða sem ekki er tekið á í þessari rannsókn er að rannsaka á hverju sá grunur er byggður sem starfsmennirnir hafa tilkynnt. Sérstaklega til að athuga hvað þurfi til að starfsmenn tilkynni grun sinn. Í verklagsreglunum er sérstaklega tekið fram að starfsmönnum beri að tilkynna grun sinn, ekki aðeins staðfestar sannanir. Rannsókn sem gerð var í Svíþjóð sýndi að það væru ýmsir þættir sem hefðu áhrif á hvort starfsmenn tilkynntu grun sinn. Þar var sérstaklega um að ræða alvarleika brotsins og aldur barnanna sem áhrifaþátt (Svensson, 2008). Í annarri sænskri rannsókn kom fram að ferli barnaverndarmála þar í landi væri flókið og óskýrt sem gerði það að verkum að starfsmenn hugsuðu sig oft tvisvar um hvort þeir ættu að tilkynna þrátt fyrir að um lagalega skyldu sé einnig að ræða þar líkt og hér á landi (Cocozza o.fl, 2006).

Ótti starfsmanna við að tilkynna grun sinn getur meðal annars legið í tilkynningarferlinu. Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að starfsmenn leikskóla eiga oft á tíðum erfitt með að sinna tilkynningarskyldu sinni. Þeim finnst ferlið vera flókið og eru óöruggir með að tilkynna (Kenny, 2001; Cocozza o.fl, 2006). Því er mikilvægt að verklagið sem fylgir tilkynningarskyldunni sé einfalt og aðgengilegt þeim sem á því þurfa að halda.

Starfsmennirnir voru spurðir hverjum þeir hefðu tilkynnt grun sinn og kom í ljós að flestir tilkynntu leikskólastjóra. Þó voru nokkrir sem merktu við fleiri en einn möguleika, þá var aðallega um að ræða deildarstjóra og leikskólastjóra. Þetta er í samræmi við verklagsreglurnar þar sem kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að tilkynningin sé á ábyrgð einstakra starfsmanna heldur er gert ráð fyrir að hún sé sett fram í nafni stofnunarinnar. Það er því greinilegt að verklagsreglurnar styrkja þá leið sem starfsmönnum finnst öruggast og hentugast að fara, það er að tilkynna leikskólastjóra en ekki beint til barnaverndarnefndar. Leikskólastjórnarnir gáfu allir upp að þeir hefðu tilkynnt til barnaverndarnefndar sem einnig er eins og gert er ráð fyrir samkvæmt verklagsreglunum.

4.2 Verklagsreglurnar

Hagsmunir barna eru í húfi og sést það best á þeim miklu erfiðleikum sem geta orðið á vegi þeirra barna sem búa við óviðunandi aðstæður. Börn sem koma frá ofbeldisheimilum eða eru líklegri til að eiga við hegðunarvanda að stríða (McDonald og Jourles, 1991; Miller-Perrin og Perrin, 2007). Einnig eru þau líklegri til þess með aldrinum að hafa lítið sjálfstraust, verða þunglynd og glíma við átraskanir (Socialstyrelsen, 2003; Sundermann og Jaffe, 1999). Börn sem koma frá ofbeldisheimilum eiga það einnig til að vera sein til að þroskast, mæta illa í skóla og líta á ofbeldi sem eðlilegan samskiptamáta þegar kemur að lausn vandamála. Þau eru einnig líkleg til að eiga í ofbeldissamböndum á fullorðinsárunum (Sundermann og Jaffe, 1997). Einnig eru líkur á að barn sem hefur verið vanrækt eða beitt ofbeldi verði tekjulægra og minna menntað í framtíðinni en önnur börn (Currie og Widom, 2010). Ábyrgð þeirra starfsmanna sem vinna með börnum er mikil og nauðsynlegt að þeir geti uppfyllt tilkynningarskyldu sína til að sporna við þessari þróun svo hægt sé að veita barninu viðunandi uppeldisskilyrði. Einfaldar og aðgengilegar verklagsreglur fyrir starfsmenn eru því mjög mikilvægt verkfæri fyrir þá til að geta uppfyllt skyldur sínar.

Spurt var í rannsókninni hvort starfsmenn hefðu orðið varir við verklagsreglurnar sem tóku gildi árið 2006. Flestir eða 28 sögðu að þær hefðu verið kynntar fyrir þeim. Þó voru 11 starfsmenn sem sögðust hafa orðið varir við verklagsreglurnar en þær hefðu ekki verið kynntar fyrir þeim. Einnig voru 12 starfsmenn sem sögðust hafa starfað á leikskólanum þegar þær komu út en þær hefðu ekki verið kynntar fyrir þeim. Hér er því um að ræða 23 starfsmenn sem ekki fengu kynningu á verklagsreglunum þótt að í raun sé ætlast til að þessir starfsmenn vinni eftir þessum reglum. Á Hólsstöðum má til dæmis sjá að meira en helmingur eða 11 starfsmenn á móti átta sem ekki höfðu fengið kynningu á verklagsreglunum þrátt fyrir að hafa starfað á leikskólanum á þeim tíma sem þær taka gildi. Á Blómastöðum segjast 10 starfsmenn hafa fengið kynningu á meðan sex segjast ekki hafa fengið kynningu á þeim. Sömu sögu er að segja á Ásstöðum, 10 höfðu fengið kynningu en sex ekki.

Það er erfitt fyrir starfsmenn að fara eftir verklagsreglum sem þeir einfaldlega vita ekki af og hafa mögulega ekki verið kynntar fyrir þeim. Það er lykilatriði að kynna verklagsreglurnar til að möguleiki sé á að reglurnar komi að notum. Eitthvað virðist hafa misfarist við kynningu reglnanna og spurning um hver hefði í raun átt að hafa yfirumsjón með kynningu þeirra. Að mati rannsakenda væri nauðsynlegt að Barnaverndarstofa eða einhver á þeirra vegum myndi

sjá um kynningarátak á verklagsreglunum. Einnig er möguleiki á að barnaverndarnefndir landsins væru beðnar um að sjá um fræðslu fyrir sína leikskóla og því sem snýr að því að kynna reglurnar. Starfsmenn gætu spurt út í verklagsreglurnar og gagnrýnt þær ef þeim finnst eitthvað ekki eins og þeir myndu vilja hafa. Einnig gæti verið mikilvægt að fara fram á við leikskóla að reglurnar séu aðgengilegri fyrir starfsmenn og nefnir til dæmis einn starfsmannanna í þessari rannsókn að hentugt gæti verið að staðsetja verklagsreglurnar á kaffistofu starfsmanna ef kostur er. Starfsmenn gætu þá gluggað í þær þegar hentar.

Leitað var eftir því í rannsókninni hvort að verklagsreglurnar hefðu breytt viðhorfi starfsmannanna til tilkynningarskyldunnar. Þar má sjá að fyrir 31 af þeim 70 starfsmönnum sem svara spurningalistanum eru verklagsreglurnar ekki að skila neinu. Af þessum 31 þá eru 22 sem vissu ekki af reglunum og sjö sem finnst enn erfitt að framfylgja lögum um tilkynningarskylduna. Þá eru tveir starfsmenn sem segja að þeim finnist flóknara að fylgja tilkynningarskyldunni eftir tilkomu verklagsreglnanna. Ekki var spurt í þessari rannsókn hvað það væri sem starfsmönnum þætti flóknara við reglurnar. Mikilvægt gæti reynst að fá vitneskju um það til að reglurnar geti þjónað tilgangi sínum sem er að skýra tilkynningarferlið og gera starfsmönnum kleift að sinna tilkynningarskyldu sinni (Barnaverndarstofa, e.d.c). Þó er jákvætt að 21 starfsmanni finnst auðveldara að gera sér betur grein fyrir því hvernig tilkynningarferlið virkar og hvenær þeir eigi að tilkynna með tilkomu verklagsreglnanna. Hluti af starfsmönnum segja tilkynningarskylduna þó aldrei hafa vafist fyrir sér hvorki fyrir né eftir tilkomu verklagsreglnanna sem einnig er jákvætt.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að starfsmenn eru ólíklegri til að tilkynna ef kerfið er flókið eða ef þeir vita ekki hvernig þeir eiga að bera sig að við að tilkynna (Cocozza o.fl, 2006; Sundell, 1997; Kenny, 2001). Í ljósi þessara rannsókna getur verið mikilvægt að reyna að ná til þeirra 31 starfsmanns sem verklagsreglurnar eru ekki að ná til. Það getur aukið öryggi starfsmannanna til að tilkynna. Einnig er mikilvægt að verklagsreglurnar séu einfaldar og aðgengilegar til að starfsmennirnir þurfi ekki að hugsa sig tvisvar um að tilkynna grun sinn.

Þegar spurt var um í rannsókninni hvort verklagsreglurnar hafi breytt afstöðu starfsmannanna til að tilkynna kom í ljós að mikill meirihluti starfsmannanna telja verklagsreglurnar ekki hafa breytt afstöðu sinni um að tilkynna eða 50 af þeim 71 sem svaraði spurningunni. Níu af 71 finnst verklagið enn vera flókið. Aðeins 12 starfsmönnum fannst verklagsferlið vera skýrara með tilkomu verklagsreglnanna.

Til að verklagsreglurnar gagnist starfsfólkinu þarf í fyrsta lagi að kynna þær fyrir þeim ásamt þeirri tilkynningarskyldu sem á starfsmönnum hvílir. Spurt var um í rannsókninni hvort kynning á verklagsreglum og/eða tilkynningarskyldunni væri fastur liður þegar nýir starfsmenn kæmu til starfa. Af þeim 76 starfsmönnum sem svöruðu sögðu 13 að kynning væri bæði á tilkynningarskyldunni og verklagsreglunum. Þrír sögðu að kynning væri á tilkynningarskyldunni og tveir á verklagsreglunum. Hins vegar sögðu 29 starfsmenn að hvorki væri kynning á tilkynningarskyldunni né verklagsreglunum. Hér virðist eitthvað hafa misfarist við aðlögun nýrra starfsmanna. Það getur reynst erfitt fyrir starfsmann að eiga uppfylla tilkynningarskyldu sína ef hann veit ekki af henni eða veit ekki hvernig hann getur framfylgt henni. Kynning á þessum þáttum er því lykilatriði. Einnig svöruðu 29 starfsmenn því til að þeir vissu ekki hvort kynningin væri eða ekki. Þetta getur meðal annars stafað af háum starfsaldri meðal þátttakenda, það er langt síðan þeir voru nýir starfsmenn, möguleiki er á að þeir viti þess vegna ekki hvort þessi kynning eigi sér stað.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvað það er sem starfsmenn nýta sér þegar þeir tilkynna grun sinn. Spurt var um í rannsókninni og kom í ljós að meira en helmingur svarenda spurningarinnar eða 16 starfsmenn fóru eftir sinni eigin sannfæringu frekar en verklagsreglunum. Þeir sem fóru eftir verklagsreglunum voru átta talsins og þeir sem fóru eftir þeim verklagsreglum sem leikskólinn hafði sett sér varðandi barnaverndarmál voru sjö. Það er því greinilegt að starfsmenn leita frekar eftir því að fara eftir eigin sannfæringu heldur en verklagsreglunum. Greinilegt er að verklagsreglurnar eru ekki að nýtast sem skyldi þeim starfsmönnum sem tilkynna grun sinn

Í rannsókninni var kannað hver reynslan af notkun verklagsreglnanna væri. Spurt var hvort starfsmennirnir hefðu tilkynnt fyrir eða eftir tilkomu verklagsreglnanna eða bæði. Af þeim 33 starfsmönnum sem svöruðu spurningunni þá höfðu 13 starfsmenn tilkynnt fyrir tilkomu verklagsreglnanna og níu eftir tilkomu þeirra. Hins vegar voru 11 starfsmenn sem tilkynnt höfðu bæði fyrir og eftir tilkomu reglnanna. Það eru því 20 starfsmenn sem tilkynna eftir tilkomu reglnanna og höfðu því möguleika á að nýta sér þær. Af þeim sem bæði tilkynntu fyrir og eftir tilkomu reglnanna sögðust fimm hafa nýtt sér reglurnar og fannst betra að geta stuðst við þær. Tveir sögðu að þeim fyndist munur hafa verið á verklagsferlinu en nýttu sér samt ekki verklagsreglurnar. Fjórir starfsmenn sögðust ekki hafa stuðst við verklagsreglurnar. Sex starfsmenn sem nýta sér ekki reglurnar eftir tilkomu þeirra en fimm sem nýttu sér þær. Í

heildina eru því aðeins átta af 20 starfsmönnum sem nýta sér verklagsreglurnar eftir tilkomu þeirra.

Ein af þeim rannsóknarspurningum sem leitað var svara við í þessari rannsókn var hvaða áhrif verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda frá 18. desember 2006 hafi haft á viðhorf starfsmanna leikskóla til tilkynningarskyldunnar.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að verklagsreglurnar hafa ekki breytt viðhorfi starfsmanna leikskóla til tilkynningarskyldunnar. Af þeim 70 starfsmönnum sem svöruðu spurningunni segja 31 að þær hafi ekki breytt viðhorfi þeirra. Af þessum 31 starfsmanni vissu 22 ekki af verklagsreglunum. Sjö starfsmönnum fannst enn erfitt að framfylgja lögum um tilkynningarskyldu. Þó er jákvætt að 21 finnst auðveldara að gera sér grein fyrir ferlinu með tilkomu reglnanna. Einnig er jákvætt að hluti starfsmanna sagði að tilkynningarskyldan hafi aldrei vafist fyrir þeim. Þegar skoðað er hvort verklagsreglurnar hafi breytt afstöðu starfsmanna um að tilkynna kemur í ljós að af 71 starfsmanni segja 50 að svo sé ekki. Því er ljóst að verklagsreglurnar hafa í raun ekki haft nein áhrif á viðhorf starfsmanna leikskóla til tilkynningarskyldunnar.

Þekking starfsmanna á verklagsreglunum og reynsla þeirra af notkun þeirra er eitt af því sem leitað var svara við í rannsókninni. Kynning á reglunum fyrir starfsmennina virðist eitthvað hafa misfarist. Rétt rúmlega helmingur starfsmannanna eða 28 sögðu að reglurnar hefðu verið kynntar fyrir þeim. Hins vegar eru 12 starfsmenn sem segjast hafa starfað á leikskólanum á þeim tíma sem reglurnar tóku gildi en þær hafi hins vegar ekki verið kynntar fyrir þeim. 11 starfsmenn segjast þekkja reglurnar en þær hafi samt ekki verið kynntar fyrir þeim. Erlendar rannsóknir hafa, eins og oft hefur komið fram hér, sýnt að starfsmenn eru óöruggari með að tilkynna ef verklagsferlið er óskýrt og ef þeir vita ekki hvernig þeir eiga að bera sig að við að tilkynna (Kenny, 2001; Cocozza o.fl, 2006).

Ekki er möguleiki á að taka afstöðu til þess hvort að breyta þurfi verklagsreglunum eftir þessa rannsókn þar sem að stór hluti starfsmanna leikskólanna hafði ekki nýtt sér verklagsreglurnar. Það getur bæði verið vegna þess að þeir hafi ekki vitað af þeim eða hafi ekki kosið að notfæra sér þær.

4.3 Verklagsreglur innan leikskólanna

Eins og áður hefur verið komið inn á þá ber leikskólunum samkvæmt verklagsreglunum að setja sér ákveðið verklag innan stofnunarinnar um hvernig tilkynnt er til barnaverndarnefndar. Leitað var eftir því við leikskólastjóra að fá afhentar þær verklagsreglur sem þeir áttu að hafa sett sér samkvæmt verklagsreglunum. Í ljós kom að enginn leikskólanna sex hafði sett sér verklagsreglur. Einhverjar verklagsreglur eru þó í vinnslu á einum leikskólanum. Deildar meiningar virðast vera um það meðal þeirra starfsmanna sem svöruðu spurningalistanum hvort sér verklagsreglur séu til. Um 24 % starfsmannanna sögðu slíkar verklagsreglur vera til staðar á leikskólanum. Þeir starfsmenn svöruðu því einnig þeim spurningum sem leitað var svara við og sneru að þessum verklagsreglum. Þó er í raun ekki hægt að segja að þau svör séu marktæk þar sem ekki eru til slíkar reglur. Því er ekki hægt að svara því hver þekking og reynsla starfsmannanna sé á þessum verklagsreglum.

Flestir starfsmannanna eða 44 % sögðust ekki vita til þess að sér verklagsreglur væru til á leikskólanum og 28 % sögðu að svo væri ekki. Hér virðist vera um einhvers konar misskilning að ræða. Greinilegt er að leikskólarnir hafa ekki sinnt tilmælum sem er að finna í verklagsreglunum sem segja að stofnuninni beri einnig að setja sér sínar eigin verklagsreglur.

5 Lokaorð

Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt er að grípa inn í þegar barn býr við óviðeigandi uppeldisskilyrði, beitt ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Við getum ekki leyft sleðanum ,eins og rætt er um í kaflanum um tildrög rannsóknarinnar, að renna stjórnlaust áfram án þess að nokkur reyni að stöðva hann. Afleiðingarnar geta verið áhrifaríkar og geta valdið barninu skaða til frambúðar. Um er að ræða líkamlegan, andlegan og efnahagslegan skaða. Barn sem býr við ofangreindar aðstæður getur átt á hættu að verða þunglynt, glíma við átröskun eða fá einkenni áfallastreituröskunar svo dæmi séu nefnd ásamt því að búa við líkamlegar afleiðingar ef ofbeldið er af þeim toga. Efnahagslegu afleiðingarnar geta falið í sér minni menntun og lægri tekjur. Allar þessar ofangreindu afleiðingar leggja enn frekari áherslu á að gripið sé inn í aðstæður barna sem fyrst til að lágmarka skaðann til frambúðar. Eitt af þeim verkfærum sem mögulegt er að nýta til að hægt sé að bregðast sem fyrst við aðstæðunum er tilkynningarskylda starfsstétta. Þar fara leikskólakennarar meðal annarra fremstir í flokki. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að það er ýmislegt sem getur komið í veg fyrir að starfsmaður leikskóla tilkynni um grun sinn. Meðal þeirra atriða sem listaðir eru í þessari ritgerð er það að starfsmönnum finnst mikilvægt að vita hvað þeir eigi að gera þegar grunur vaknar. Verklagið þarf að vera skýrt og aðgengilegt til að þeir viti hvað þeim beri að gera. Leikskólakennarinn á ekki að þurfa að staldra lengi við og hugsa „hvað geri ég nú?“ þegar grunur vaknar.

Niðurstöður þessarar rannsóknar leiddu í ljós að verklagsreglurnar sem samdar voru fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda hafi litlu skilað fyrir þá starfsmenn sem þeim er ætlað að aðstoða. Kynning á verklagsreglunum virðist hafa misfarist. Því er ljóst að þörf er á kynningu á þeim til að starfsmennirnir eigi kost á að nýta sér þær og til að reynsla fái á notkun reglnanna. Viðhorf starfsmanna leikskólanna til tilkynningarskyldunnar hefur ekkert breyst með tilkomu verklagsreglnanna. Leikskólunum bar einnig að setja sínar eigin verklagsreglur en í ljós kom að því hafði ekki verið fylgt eftir.

Það sem kom rannsakendum einna mest á óvart við niðurstöður rannsóknarinnar var sú staðreynd að aðeins hjá 47,44 % starfsmannanna sem svöruðu könnuninni hafði vaknað grunur um að barn byggi við óviðunandi uppeldisskilyrði, beitt ofbeldi eða stefnt lífi sínu og þroska í hættu. Sérstaklega í ljósi þess hversu langan starfsaldur flestir starfsmennirnir höfðu

en það voru 11 ár eða lengur. Einnig fannst rannsakendum sérstakt að leikskólarnir hafi ekki sett sér ákveðnar verklagsreglur innan leikskólans líkt og gert er ráð fyrir að þeir geri samkvæmt verklagsreglunum. Leikskólarnir hafa nú haft um það bil fimm ár til þess að setja sér fyrrgreindar verklagsreglur. Rannsakendur veltu því fyrir sér hvort að það þurfi skýrari grunn varðandi það hvernig þessar verklagsreglur ættu að byggjast upp til þess að auðvelda leikskólunum að búa til sínar eigin reglur. Það gæti einnig orðið til þess að verklagsreglur um tilkynningarskyldu hjá leikskólum verði samræmdari milli leikskóla og auðveldi þannig starfsmönnum og foreldrum að gera sér grein fyrir verklagsreglunum ef farið er á annan leikskóla.

Það er von rannsakenda að ritgerð þessi reynist gagnleg og vekji upp umræðu um verklagsreglurnar sérstaklega í ljósi þess að þær virðast ekki vera að skila tilætluðum árangri. Greinilegt er að þörf er á kynningu á verklagsreglunum svo að mögulegt sé fyrir starfsmenn leikskólanna að nýta sér þær.

Heimildaskrá

Aldís Guðmundsdóttir. (1992). *Sálfræði: Vöxtur og þroski*. Reykjavík: Mál og menning

Alvarez, K.M, Donohue, Kenny, M.C., Cavanagh, N og Romero, V. (2005). The process and consequences of reporting child maltreatment: A brief overview for professionals in the mental health field. *Aggression and Violent behavior*, 3(10), bls. 311-331. Sótt 24. apríl 2011 af http://www.sciencedirect.com/science?_ob=ArticleURL&_udi=B6VH7-4CP6B2M-1&_user=9988605&_coverDate=04%2F30%2F2005&_rdoc=1&_fmt=high&_orig=gateway&_origin=gateway&_sort=d&_docanchor=&view=c&_acct=C000039858&_version=1&_urlVersion=0&_userid=9988605&md5=1ae8676e9ad1943a18afbf642407f988&searchtype=a

Anna Egilsdóttir og Elsa Rut Róbertsdóttir. (2010, apríl). *Hagsmunir og velferð barna sem leiðarljós í starfi : rannsókn á þekkingu leikskólustarfsfólks á Akureyri á ofbeldi og vanrækslu á börnum og tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar*. Óbirt B. Ed-lokaritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið*. Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn. Barnaverndarstofa Ritröð 1. Reykjavík: Gutenberg.

Anna María Jónsdóttir. (2003, júní). *Hvað er barni fyrir bestu? Úttekt á samstarfi Leikskóla og Barnaverndar í Reykjavík*. Óbirt B.A. lokaritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Barnaheill. (2011). Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi. Sótt 20. apríl 2011 af http://www.barnaheill.is/barnaheill/images/stories/utgefidefni/barnaheill_skrsla-veftgfa.pdf

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Barnaverndarstofa (2004). *Ársskýrsla 2003*. Barnaverndarstofa.

Barnaverndarstofa. (2005). *Skilgreiningar og flokkunarkerfi*. Sótt þann 29. apríl 2011 af <http://bvs.is/?ser=265&m>

Barnaverndarstofa. (2006, mars). *Handbók*. Sótt þann 19. febrúar 2011 af <http://www.bvs.is/files/file784.pdf>

Barnaverndarstofa. (2008). *Ársskýrsla 2006 – 2007*. Barnaverndarstofa.

- Barnaverndarstofa. (2010). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði árána 2009 og 2010*. Sótt þann 19. febrúar 2011 af <http://bvs.is/files/file890.pdf>
- Barnaverndarstofa. (2011). *Ársskýrsla 2008 – 2009*. Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (e.d.a). *Barnaverndarnefndir*. Sótt 2. apríl 2011 af <http://bvs.is/?m=4&ser=95>
- Barnaverndarstofa. (e.d.b). *Hlutverk Barnaverndarstofu*. Sótt 2. apríl 2011 af <http://bvs.is/?m=1&ser=17>
- Barnaverndarstofa. (e.d.c). *Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda*. Sótt 19. febrúar 2011 af <http://www.bvs.is/files/file755.pdf>
- Barnaverndarstofa. (e.d.d). *Verklagsreglur um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda*. Sótt 19. febrúar 2011 af <http://bvs.is/?ser=123&m=1>
- Christoffersen, M.N. og DePanfilis, D. (2009). Prevention of child abuse and neglect and improvements in child development. *Child abuse review*, 18, bls. 24-40. Sótt 24. apríl 2011 af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=57ab7532-d509-439c-9909-b37d1b5a6be7%40sessionmgr4&vid=7&hid=13>
- Cocozza, M., Gustafsson, P.A. og Sydsjö, G. (2006). Child protection in Sweden: Are routine assessments reliable?. *Acta Pædiatrica*, 95, 1474-1480. Sótt 24. apríl 2011 af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=57ab7532-d509-439c-9909-b37d1b5a6be7%40sessionmgr4&vid=9&hid=13>
- Currie, J. og Widom, C.S. (2010). *Long-Term Consequences of Child Abuse and Neglect on Adult Economic Well-Being*. *Child Maltreat* 2010. Sótt 24. apríl 2011 af <http://cmx.sagepub.com/content/15/2/111.full.pdf+html>
- Department of Health (2005). *Responding to domestic abuse: a handbook for helth professionals*. DH. London.
- Drake, B. og Jonson- Reid, M. (2007). A response to Melton based on the best available data. *Child abuse and neglect*, 4, bls. 343-360. Sótt 24. apríl 2011 af http://www.sciencedirect.com/science?_ob=ArticleURL&_udi=B6V7N-4NDVH38-1&_user=9988605&_coverDate=04%2F30%2F2007&_rdoc=1&_fmt=high&_orig=gateway&_origin=gateway&_sort=d&_docanchor=&view=c&_acct=C000039858&_version=1&_urlVersion=0&_userid=9988605&md5=310d33d0881e33bf59589ebe1e8685e&searchtype=a
- Guðrún Frímansdóttir. (2004). *Löng saga að baki afbrota*. Sótt 19. apríl 2011 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=824082

- Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri). (2004). *Barnaverndarmál: Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd*. Sótt 17. mars 2011 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/velferdarsvid/utgefid_efn/i/skyrslur_kannanir/Barnaverndarmal_skilgreining_hugtaksins%281%29.pdf
- Hagstofa Íslands. (e.d.a). *Börn og leikskólar í desember 1998-2009*. Sótt 3. apríl 2011 af <http://hagstofan.is/?PageID=780&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01000%26ti=B%F6rn+og+leiksk%F3lar+%ED+desember+1998%2D2009+++++++%26path=../Database/skolamal/lsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (e.d.b). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841- 2011*. Sótt 17. apríl 2011 af <http://hagstofan.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00101%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni+og+aldri+1841%2D2011++++%26path=../Database/man nfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (e.d.c). *Starfsfólk í leikskólum eftir menntun 1998-2009*. Sótt 3.apríl 2011 af <http://hagstofan.is/?PageID=780&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01303%26ti=Starfsf%F3lk+%ED+leiksk%F3lum+eftir+menntun+1998%2D2009+++%26path=../Dat abase/skolamal/lsStarfsfolk/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hildur Biering. (2006). *Barnauppeldisins heilaga skylda: Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar*. Reykjavík: Sögufélag.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2010). Trúnaðarskylda og tilkynningaskylda fagstétta. *Tímarit lögfræðinga*; 60, bls. 217-266. Reykjavík: Lögfræðingafélag Íslands.
- Kenny, M.C. (2001, janúar). Child abuse reporting: teachers perceived deterrents. *Child abuse and neglect*, 25, 81-92. Sótt 24. apríl 2011 af http://www.sciencedirect.com/science?_ob=ArticleURL&_udi=B6V7N-423HHX3-7&_user=9988605&_coverDate=01%2F31%2F2001&_rdoc=1&_fmt=high&_orig=gateway&_origin=gateway&_sort=d&_docanchor=&view=c&_acct=C000039858&_version=1&_urlVersion=0&_userid=9988605&md5=e89dfe0f2e75330435158c4a1f381595&searchtype=a
- Lawson, D. M. (2009). Understanding and Treating Children Who Experience Interpersonal Maltreatment: Empirical Findings. *Journal of counseling and development*. Sótt 24. apríl 2011 af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=ae55fdcf-0360-45fc-bc24-a1cddc03b55d%40sessionmgr111&vid=5&hid=105>
- Lehman, P. (1997). The development of post-traumatic stress disorder (PTSD) in a sample of child witnesses to mother assault. *Journal of Family Violence*, vol 20, nr. 3, 241-257.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- Margolin, G. og Vickerman, K. A. (2007). Post-traumatic Stress in Children and Adolescents Exposed to Family Violence: I. Overview and Issues. *Professional Psychology: Research and Practice*, 38(6), 613-619.

- Mathews, B. og Bross, D.C. (2008). Mandated reporting is still a policy with reason: Empirical evidence and philosophical grounds. *Child abuse and neglect*, 32, bls 511-516. Sótt 24. apríl 2011 af http://www.sciencedirect.com/science?_ob=ArticleURL&_udi=B6V7N-4SN92HH-1&_user=9988605&_coverDate=05%2F31%2F2008&_rdoc=1&_fmt=high&_orig=gateway&_origin=gateway&_sort=d&_docanchor=&view=c&_acct=C000039858&_version=1&_urlVersion=0&_userid=9988605&md5=eb16c5214b0bf795ac1c6865ba52623a&searchtype=a
- Mennen, F.E., Kim, K., Sang, J. og Trickett, P.K. (2010). Child neglect: Definition and identification of youth's experiences in official reports of maltreatment. *Child abuse and neglect*, 34, bls. 647-658. Sótt 24. apríl 2011 af http://www.sciencedirect.com/science?_ob=ArticleURL&_udi=B6V7N-50JPS42-1&_user=9988605&_coverDate=09%2F30%2F2010&_rdoc=1&_fmt=high&_orig=gateway&_origin=gateway&_sort=d&_docanchor=&view=c&_acct=C000039858&_version=1&_urlVersion=0&_userid=9988605&md5=ed6b4de834c05b63b656f30769103401&searchtype=a
- McDonald, R. Og Jouriles, E.N. (1991). Marital aggression and child behavior problems: Research findings, mechanisms, and intervention strategies. *The Behavior Therapist*, 189-192.
- Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R.D. (2007). *Child Maltreatment*. Bandaríkin: Stage Publications, Inc.
- Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýna á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Oddi.
- Neuman, W.L. (2006). *Social research methods: Qualitative and quantitative approaches* (6. útgáfa). Boston: Pearson.
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. 2006. *Verndum þau: Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum*. Reykjavík: Mál og menning
- Robinson, D. N. (1981). *An intellectual history of psychology*. New York: Macmillan.
- Sandra Anne Marie Vachon. (2007, maí). *Barnsins vegna: Rannsókn á þekkingu leikskólastarfsfólks á Selfossi um ofbeldi og vanrækslu á börnum og upplýsingagjöf til barnaverndarnefnda*. Óbirt B. Ed.- lokaritgerð: Kennaraháskóli Íslands, Leikskólabraut.
- Schultz, D., Tharp-Taylor, S., Haviland, A. Og Jaycox, L. (október, 2009). The relationship between protective factors and outcomes for children investigated for maltreatment. *Child abuse and neglect*, 33, 10. Sótt 24. apríl 2011 af http://www.sciencedirect.com/science?_ob=ArticleURL&_udi=B6V7N-4XDPC1P-5&_user=9988605&_coverDate=10%2F31%2F2009&_rdoc=1&_fmt=high&_orig=gateway&_origin=gateway&_sort=d&_docanchor=&view=c&_acct=C000039858&_version=1&_urlVersion=0&_userid=9988605&md5=ed6b4de834c05b63b656f30769103401&searchtype=a

n=1&_urlVersion=0&_userid=9988605&md5=fae5e9dd2f5d2bb7d2cdce482b4b8d59
&searchtype=a

- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megingdlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. (bls. 219 – 235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Socialstyrelsen. (2003). *Váldsutsatta kvinnor. Ett utbildningsmaterial för socialtjänstens personal*. Stokkhólmur: Socialstyrelsen.
- Sudermann, M. Og Jaffe, P.G. (1997) Children and adolescents who witness violence: New directions in intervention and prevention. Í Peters R DeV., McMahon, R. Og Wolfe D., (Ritstj.), *Child Abuse: New direction in prevention and treatment across a lifespan*. Thousand Oaks, Kalifornía: Sage.
- Sundell, Knut. (1997). Child care personnels failure to report child maltreatment: some swedish evidence. *Child abuse and neglect*, 21, 93-105. New York: Pergamon Press Inc.
- Svensson, B. og Janson, S. (Apríl, 2008). Suspected child maltreatment: Preschool staff in conflict of loyalty. *Early Childhood Educ J*, 36, bls. 25-31. Sótt 24. apríl 2011 af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=09030316-f201-47ce-9a82-508b755f62a4%40sessionmgr14&vid=10&hid=9#>
- Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem enginn man*. Reykjavík: Mál og menning
- Umboðsmaður barna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Sótt 3. apríl 2011 af http://www.barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/
- Weinstein, D., Staffelbach, D. og Biaggio, M (2000). Attention-deficit hyperactivity disorder and posttraumatic stress disorder: differential diagnosis in childhood sexual abuse. *Clinical Psychology Review*, 20(3), 359-378.
- Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. (bls. 51 – 66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I

Undirritaðar Elín Guðný Gunnarsdóttir og Elín Jóhannsdóttir nemar í BA námi við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands erum að skrifa lokaverkefni okkar við deildina. Um er að ræða rannsókn á verklagsreglum leikskóla í barnaverndarmálum. Leiðbeinandi og ábyrgðarmaður er Anni G. Haugen lektor við félagsráðgjafardeild HÍ.

Rannsóknarspurningar sem leitað verður svara við eru;

Hafa verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda frá 18. desember 2006 breytt viðhorfi starfsmanna leikskóla til tilkynningarskyldunnar?

Hefur leikskólinn sett sér sérstakar verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna? Ef sérstakar verklagsreglur eru til staðar hafa þær þá haft áhrif á viðhorf starfsmanna til að tilkynna um mál einstakra barna til barnaverndarnefndar.

Hver er þekking starfsmanna á verklagsreglunum?

Hver er reynsla starfsmanna af að nota verklagsreglurnar?

Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda voru settar fram þann 18. desember 2006. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort og þá á hvaða hátt verklagsreglur leikskóla í barnaverndarmálum nýtast starfsmönnum leikskóla. Það er von okkar að niðurstöður rannsóknarinnar munu veita yfirsýn á því hvernig starfsmenn leikskóla nýta sér verklagsreglur af þessu tagi og hvort þörf sé á að breyta þeim.

Í tengslum við rannsóknina söfnum við saman upplýsingum frá þremur sveitarfélögum á ólíkum stöðum á landinu til þess að fá yfirsýn yfir það hvernig leikskólar eru að nýta sér þær verklagsreglur sem settar voru þann 18. desember 2006.

Við óskum eftir að fá að leggja spurningarlista fyrir alla starfsmenn leikskóla Gert er ráð fyrir að spurningarlistinn verði sendur út í lok febrúar byrjun mars. Verklagsfyrirkomulagið verður þannig að við munum senda spurningarlista í pósti á leikskólana og biðja leikskólastjóra að dreifa þeim til starfsmanna sinna og taka þá saman. Nánari leiðbeiningar munu svo fylgja með spurningarlistunum. Ekki er verið að leita eftir persónulegum upplýsingum heldur er um að ræða almennari upplýsingar er varða þær verklagsreglur sem leikskólinn hefur og viðhorfsspurningar varðandi verklagsreglurnar.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Gætt verður ítrustu nafnleyndar og reglum persónuverndar um framkvæmd

rannsóknna fylgt eftir. Ekki verður hægt að rekja upplýsingar til einstaklinga eða leikskóla. Öllum gögnum og upplýsingum verður eytt að úrvinnslu lokinni eða í síðasta lagi 2. maí 2011 og einungis við og leiðbeinandi okkar höfum aðgang að þeim.

Með bréfi þessu óskum við eftir leyfi til að leggja spurningarlista fyrir starfsmenn leikskóla ... Einnig óskum við eftir afriti af verklagsreglum leikskólana ef þær eru til staðar. Við komum til með að fylgja bréfinu eftir með símtali miðvikudaginn 23. febrúar. Ef nánari upplýsinga er óskað er velkomið að hafa samband við okkur eða leiðbeinanda okkar.

Elín Guðný Gunnarsdóttir netfang: egg4@hi.is - sími: xxx-xxxx

Elín Jóhannsdóttir netfang: elj11@hi.is - sími: xxx-xxxx

Anni G. Haugen netfang: annihaug@hi.is - sími: xxx-xxxx

Virðingarfyllt

Elín Guðný Gunnarsdóttir

Elín Jóhannsdóttir

Anni G. Haugen

Fylgiskjal II

Spurningalisti

Rannsókn á verklagsreglum leikskóla í barnaverndarmálum.

Þessi rannsókn er lokaverkefni okkar við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Okkur þætti vænt um ef þú vildir taka nokkrar mínútur aflögu til þess að svara þessum spurningalista.

Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda voru settar þann 18. desember 2006. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort og þá á hvaða hátt verklagsreglur leikskóla í barnaverndarmálum nýtast starfsmönnum leikskóla. Það er von okkar að niðurstöður rannsóknarinnar munu veita yfirsýn yfir það hvernig starfsmenn leikskóla nýta sér verklagsreglur af þessu tagi og hvort þörf sé á að breyta þeim.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Gætt verður ýtrustu nafnleyndar og reglum persónuverndar um framkvæmd rannsókna fylgt eftir. Ekki verður hægt að rekja upplýsingar til einstaklinga eða leikskóla. Öllum gögnum og upplýsingum verður eytt að úrvinnslu lokinni eða í síðasta lagi 2. maí 2011 og einungis við og leiðbeinandi okkar höfum aðgang að þeim.

Samþykkt hefur verið af fræðslusviði ... og leikskólastjóra ... að leggja þennan spurningalista fyrir.

Spurningar sem leitað verður svara við eru eftirfarandi:

Hvaða áhrif hafa verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda frá 18. desember 2006 haft á viðhorf starfsmanna leikskóla til tilkynningarskyldunnar?

Hefur leikskólinn sett sér sérstakar verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna?

Ef svo er hvaða áhrif hafa þær þá haft á viðhorf starfsmanna til að tilkynna um mál einstakra barna til barnaverndarnefndar?

Hver er þekking starfsmanna á verklagsreglunum?

Hver er reynsla starfsmanna af því að nota verklagsreglurnar?

Með fyrirfram þökk
Elín Guðný Gunnarsdóttir
Elín Jóhannsdóttir

Trúnaðarupplýsingar

Merkið við það sem við á í hverri spurningu

Almennar spurningar

Kyn:

KVK KK

Aldur:

← - 20 21-30 31-40
 41-50 51-60 61- →

Menntun:

Grunnskólapróf Stúdentspróf
 Leikskólakennari Annað, hvað _____

Starfsaldur:

1 ár eða skemur 2-5 ár
 6-10 ár 11 ár eða lengur

Starfsheiti:

Leikskólastjóri Leiðbeinandi (hefur lokið leiðbeinandi námi)
 Leikskólakennari Almennur starfsmaður á deild
 Deildarstjóri Starfsmaður í eldhúsi
 Annað, hvað _____

Spurningar

1. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu fyrir starfsmenn leik-, grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda litu dagsins ljós árið 2006. Varðst þú vör/var við þessar nýju verklagsreglur?

- Já, þær voru kynntar fyrir mér
 Já, en þær voru ekki kynntar fyrir mér
 Nei, ég starfaði ekki á leikskólanum þá
 Nei, en ég starfaði á leikskólanum þá, en þær voru ekki kynntar fyrir mér

2. Er kynning á verklagsreglum og/eða tilkynningarskyldu fastur liður þegar nýir starfsmenn koma til starfa?

- Já, bæði Já á verklagsreglum Veit ekki
 Nei Já á tilkynningarskyldu

3. Hefur vaknað grunur hjá þér um að barn á leikskólanum hafi verið beitt ofbeldi, vanrækt eða stofnað heilsu sinni eða þroska í hættu?

- Já einu sinni Já oft
 Nei Man ekki

Ef svarið er já, svaraðu þá spurningum 4-8 næst. Ef svarið er nei eða man ekki farðu þá í spurningu 9.

4. Tilkynntir þú grun þinn?

- Já öll skiptin Já einu sinni Nei

5. Ef já, hverjum tilkynntir þú um grun þinn?

- Leikskólastjóra Félagráðgjafa
 Deildarstjóra Annar, hver? _____
 Barnaverndarnefnd

6. Tilkynntir þú grun þinn fyrir tilkomu verklagsreglnanna eða eftir tilkomu þeirra?

- Fyrir Eftir Bæði

7. Ef þú svaraðir bæði finnst þér einhver munur hafa verið á verklagsferlinu fyrir og eftir tilkomu verklagsreglnanna um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda?

- Já, nýtti mér reglurnar og fannst betra að geta stuðst við þær
- Já, en nýtti mér samt ekki reglurnar
- Nei og fannst reglurnar ekki hjálpa mér neitt
- Nei, studdist ekki við þessar reglur

8. Eftir hverju fórstu þegar þú tilkynntir grun þinn?

- Verklagsreglum um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda
- Verklagsreglum sem leikskólinn hefur sett sér varðandi barnaverndarmál
- Eigin sannfæringu

9. Hefur viðhorf þitt til tilkynningarskyldunnar breyst með tilkomu verklagsreglnanna fyrir starfsmenn leik-, grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda?

- Já, verklagsreglurnar auðvelda mér að gera mér betur grein fyrir því hvernig tilkynningarferlið virkar og hvenær ég á að tilkynna
- Já, mér finnst flóknara eftir að verklagsreglurnar komu fram að gera mér grein fyrir því hvernig ég eigi að fylgja tilkynningarskyldu minni eftir.
- Nei, mér finnst enn erfitt að framfylgja lögum um tilkynningarskylduna
- Nei, tilkynningarskyldan hefur ekkert vafist fyrir mér, hvorki fyrir né eftir tilkomu verklagsreglnanna
- Nei, ég vissi ekki af þessum verklagsreglum

10. Vissir þú að samkvæmt 17 gr. barnaverndarlaganna nr. 80/2002 gengur tilkynningarskyldan framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta?

- Já
- Nei

11. Hafa verklagsreglur um tilkynningaskyldu fyrir starfsmenn leik-, grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda breytt afstöðu þinni til þess að tilkynna?

- Nei, mér finnst verklagsferlið enn vera flókið
- Já, verklagsferlið er mun skýrara með tilkomu sérstöku verklagsreglnanna
- Nei, það hefur ekkert breytt afstöðu minni til að tilkynna

12. Hefur leikskólinn sett sér upp sér verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda fyrir starfsmenn að fylgja eftir?

- Já
- Nei
- Veit ekki

Ef svarið er já, svaraðu þá spurningum 13-15 næst. Ef svarið er nei eða veit ekki farðu þá í spurningu 16.

13. Veistu hvar þessar verklagsreglur eru að finna?

- Já
- Nei

14. Hefur þú nýtt þér þessar sérstöku verklagsreglur sem til eru?

- Já, ég nýtti mér þær og fannst þær auðvelda verklagsferlið og gera það skýrara
- Já, mér fannst þær þó ekki nýtast mér
- Nei, ég vissi ekki að þær væru til þegar ég tilkynnt
- Nei, ég nýtti mér þær ekki

15. Hafa þessar verklagsreglur breytt afstöðu þinni til þess að tilkynna?

- Já, verklagsferlið er mun skýrara með tilkomu sérstöku verklagsreglnanna
- Nei, mér finnst verklagsferlið enn vera flókið
- Nei, það hefur ekkert breytt afstöðu minni til að tilkynna

16. Hefur þú tillögur að úrbótum til þess að auðvelda starfsmönnum leikskóla ferlið við að tilkynna til barnaverndarnefnda?
